



# **William James og upphaf íslenskrar sálfræði**

Guðrún Magnúsdóttir

**B.S. ritgerð  
Háskóli Íslands  
Sálfræðideild  
Heilbrigðisvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**WILLIAM JAMES OG UPPHAF ÍSLENSKRAR  
SÁLFRÆÐI**

**Guðrún Magnúsdóttir**

B.S. í sálfræði

Leiðbeinandi: Jörgen Pind

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2010

Ritgerð þessi er til BS í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Guðrún Magnúsdóttir 2010

Prentun: Háskólaprent ehf.

Reykjavík, Ísland 2010

## Efnisyfirlit

ráttur .....	5
Útdráttur.....	5
William James, 1842 – 1910.....	5
Lífshlaup.....	5
Sálfræðingurinn William James.....	6
Helstu ritverk, kenningar og framlag til sálfræðinnar.....	6
Sálfræði á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar .....	11
Fyrstu Íslensku sálfræðingarnir .....	12
Guðmundur Finnbogason 1873 - 1944.....	12
Ágúst H. Bjarnason 1875 - 1952 .....	17
Sigurður Nordal 1886 - 1974 .....	23
Umfjöllun og þýðingar á ritum William James frá aldamótum 1900 fram til ársins 1925. ....	29
Umfjöllun frá aldamótum fram til andláts James, 1910. ....	29
Umfjöllun eftir andlát James til ársloka 1925.....	33
Heimildir.....	41
Tilvísanir í James á timarit.is, 1890-1925 .....	43

Rétt fyrir aldamótin 1900 var brotið blað í sögu íslenskrar sálfræði þegar ungur maður sigldi af stað til Kaupmannahafnar. Fyrir honum lá að lesa til meistaraþrófs í heimspeki með sálfræði sem aðalgrein. Þessi námsmaður hét Guðmundur Finnbogason og telja má að hann hafi verið fyrsti íslenski sálfræðingurinn. Ekki var hægt að sækja háskólamenntun á Íslandi því enginn var háskólinn fyrr en 1911 (Jörgen L. Pind, 2006). Því var algengt að íslenskir stúdentar legðu land undir fót og sæktu nám við Kaupmannahafnarháskóla.

Á sama tíma í Bandaríkjunum var William James, mikill frumkvöðull á sviði heimspeki og sálfræði, á hátindi ferilsins. Kenningar James áttu óneitanlega eftir að hafa áhrif á Guðmund og upphaf íslensku sálfræðinnar.

Ritgerðinni er skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta er fjallað um William James, farið er yfir lífshlaup hans og gerð grein fyrir helstu framlögum hans til sálfræðinnar. Áhrifa hans gætir reyndar víðar en einungis í sálfræðinni en James skrifaði meðal annars bækur um sálfræði, heimspeki, menntun, trúmál og dulspeki. Í seinni hluta er farið yfir íslensku sálfræðina og áhrifa James þar á. Farið verður yfir lífshlaup fyrstu sálfræðinga Íslands; Guðmundar Finnbogasonar, Ágústs H. Bjarnasonar og Sigurðar Nordal.

Farið verður yfir helstu verk þeirra með kenningar James að leiðarljósi og sýnt fram á hvar James skín í gegn í verkum þeirra. Að endingu er farið yfir þær tímaritagreinar frá árunum 1890 – 1925 (af timarit.is) þar sem fjallað er um William James, kenningar hans og þýðingar á þeim. Tilgangurinn er að varpa ljósi á hvernig þær lögðust í landann á þeim tíma sem þær voru skrifaðar.

## **William James, 1842 – 1910**

### **Lífshlaup**

William James fæddist 11. janúar 1842 í New York. Hann hlaut menntun sína víðs vegar að úr heiminum. Var það einkum vegna þeirrar þráhyggju föður hans, Henry James, að synirnir skyldu njóta bestu menntunar sem völ væri á hverju sinni. Fjölskyldan flutti því oft heimshornanna á milli í leit að hinum fullkomna skóla. Flutningarnir voru helst á milli Evrópu og Bandaríkjanna. William, elstur af fimm systkinum, sýndi strax að hann hefði frjóan huga og getu til að koma með frumlegar hugmyndir. Hann ætlaði sér fyrst að gera listmálun að ævistarfi í óþökk föður síns en snerist svo yfir á sveif vísindanna. Meðal annars nam hann efnafræði, eðlisfræði, lífeðlisfræði og læknisfræði í mörgum mismunandi skólum.

Árið 1869 lauk hann svo að lokum MD gráðu í læknisfræði. Árið 1872 tók James boði um að kenna lífeðlisfræði við Harvard. Tveimur árum síðar eða 1874 hélt hann sinn fyrsta kennslufyrirlestur í sálfræði og í kjölfarið kom hann á laggirnar fyrstu amerísku tilraunastofunni í sálfræði (sjá meðal annars; Myers, 1986).

James átti alla tíð við heilsuleysi að stríða. Það háði honum bæði líkamlega og andlega. Hann kenndi til í baki og augun voru slæm, hann glímdi einnig oftár en ekki við gríðarlegt þunglyndi en hann virtist jafnframt vera einn af þeim sem rísa af miklum krafti upp úr lægðum. Alla ævina las James mikið, hvort sem það voru heimsbókmenntir, fræðirit eða léttmeti (Myers, 1986).

### **Sálfræðingurinn William James**

Árið 1867 ritaði James í bréfi til vinar síns, Thomas W. Ward, að honum hugnist að snúa sér að sálfræðinni, því nú muni hennar tími sem vísindagreinir vera runninn upp (Jörgen L. Pind, 2006). Ætlaði hann að hefja þetta verkefni sitt með að heimsækja Hermann von Helmholtz, einn helsta brautryðjanda efnishyggjusjónarmiðanna í lífeðlisfræðinni og Wilhelm Wundt, sem fékkst við rannsóknir á svartímamælingum og setti upp eina fyrstu tilraunastofuna í sálfræði við háskólann í Leipzig árið 1879. James heillaðist einnig af mælingum Fechners í *Frumatriðum sáledlisfræðinnar – Elemente der Psychophysik*. Þar taldi Fechner sig hafa fundið leið til að bregða mælistiku á sálarlífið. Haustið 1875 kenndi James í fyrsta sinn námskeiðið „Tengsl lífeðlisfræði og sálfræði“ (Jörgen L. Pind, 2006 bls 247) við Harvard. Það markaði upphaf ferils hans sem sálfræðikennara þó hann hafi aldrei lagt stund á sálfræði sjálfur í námi sínu (Jörgen L. Pind, 2006).

### **Helstu ritverk, kenningar og framlag til sálfræðinnar**

James fjallaði mikið um tilfinningar, eðlishvöt, vitund, athygli, vana, og vilja í sinni sálfræði. Hann var frumlegur í hugsun þegar það kom að verkum hans, og oftár en ekki ýtti hann við þeim kenningum sem fyrir stóðu eða kollvarpaði þeim alveg. Hann lagði einnig með vinnu sinni grunn að mörgum af þeim stefnum og kenningum sem við þekkjum í dag.

Það var árið 1878 sem William James og bandaríska bókaútgefandanum Henry Holt samdist um að James skyldi setja saman kennslubók í sálfræði. Bókin, *The Principles of psychology*, var 12 ár í vinnslu og endaði alls í 1393

síðum (Jörgen L. Pind, 2006). Þetta gríðarlega ritverk er eitt þekktasta verk James á starfsævi hans. Mikið af greinum um hinar ýmsu kenningar hans sem hann birti á þeim tíma sem bókin var skrifuð, birtast annað hvort óbreyttar eða samfléttaðar við þá kafla bókarinnar sem þær eiga við. James ferðaðist töluvert við skriftirnar og heimsótti marga af merkustu heimspekingum og sálfræðingum sem voru að störfum á þessum tíma. Þar má meðal annars nefna Renouvier í París, Wilhelm Wundt í Leipzig, Ernest Mach og Carl Stump í Prag og Alexander Bain í Englandi (Jörgen L. Pind, 2006). Því væri vel hægt að halda því fram að *The Principles of psychology* sé samantekt á öllum helstu kenningum James og þeirra manna sem voru að garfa í sálfræðinni fram að útgáfu hennar.

James byrjaði bókina á að fjalla um umfang sálfræðinnar. Hann fór svo yfir í umfjöllun um heilann og virkni hans. Þessu fylgdi hann eftir með kenningum sínum um vana, *the automaton-theory* og *the mind-stuff theory* (James, 1952). Bókin inniheldur einnig umfjöllun um miðtaugakerfið og samband þess við vitundina. Hann fjallaði um hugmyndir sínar um vitundina og eðli hennar, vitundarstreymið. Í umfjölluninni um rannsóknaraðferðir sálfræðinnar skín í gegn andúð hans á tilraunasálfræði Fechners og Wundts, og hann gagnrýndi einnig þá aðferð Darwins og Galtons að senda fólki spurningalista um allt mögulegt og ómögulegt. Þá kom hann inn á fjölmörg efni eins og sjálfsvitund, hugtengsl, tímaskyn, skynjun, ímyndunarafli, skynjun dýptar og fjarlægðar, hreyfingar, vilja, dáleiðslu, geðshræringar og minni (Jörgen L. Pind, 2006).

Engin heimildarskrá er í *The Principles of psychology*. Það er mögulega til komið vegna þess að mikið af því sem bókin inniheldur eru frumkenningar frá James. Þó er eitthvað um að hann vísi til höfunda eða hvar hann nálgast efnið í neðanmálsgreinum (James, 1952).

Þó að vinnan við *The Principles of psychology* tæki mikinn tíma og orku frá James stoppaði það hann ekki í að birta annað efni. Í desember 1883 sendi hann frá sér greinina *What is an Emotion?* (Richardson, 2007). Þar lagði hann grunninn að kenningunni sem nú gengur undir nafninu James-Lange kenningin um uppruna og eðli tilfinninga og er hún sennilega hans þekktasta kenning. Í grunninn fjallar sú kenning um að þær líkamlegu breytingar sem við teljum oftast vera afleiðingar tilfinninga séu í raun tilfinningarnar. James lagði fram þá tilgátu að röð atburðanna sé röng. Í stað þess að segja „Við rekumst á björn verðum

hrædd og hlaupum í burtu“ væri réttara að segja „Við erum hrædd því að við skjálfum“. Þarna storkaði hann þeirri skoðun að tilfinningar séu hugræn svörun við aðstæðum. Þó þessi kenning sé vel þekkt þá gera nútíma sálfræðingar ráð fyrir því að minnsta kosti einhver hugrænn þáttur sé í tilfinningunum. Engu að síður má telja að þarna hafi James lagt grunninn að flestum sálfræðilegum kenningum um tilfinningar (Richardson, 2007).

Árið 1883 var James staddur í London við skrif á *The Principles*. Þar var hann með hópi manna sem kallaði sig *Scratch Eight* en félagsskapurinn samanstóð af sálfræðingum og heimspekingum. Í febrúar það ár var honum boðið að halda fyrirlestur fyrir *Scratch Eight*. James sagði frá því hvernig hann hafi, á síðustu stundu, við undirbúning fyrirlestursins, fallið í einhvers konar hugsunartrans þar sem engin hugsun eða hugmynd hefði orðið honum ofviða. Um kvöldið hélt hann fyrirlesturinn og í honum kom fram fyrsti vísirinn af því sem síðar var birt undir heitinu *On some omissions of introspective psychology* (Richardson, 2007). Þar setti hann fram kenninguna um *vitundarstreymið – stream of consciousness*. Þetta er einnig ein af þekktustu kenningum James. Í henni þvertekur hann fyrir að hugsanir okkar séu í bútum, heldur sé hver hugsun ein og óskipt. Með þessu tók hann harða afstöðu gegn hugtengslastefnunni (Jörgen L. Pind, 2006).

James fjallaði líka mikið um eðlishvöt á starfsævi sinni. Í umfjöllun sinni um það setti hann fram þá skilgreiningu að allar þær gerðir sem við flokkum sem eðlishvöt samræmist almennum ósjálfráðum viðbrögðum (Richardson, 2007). Eðlishvötina vildi hann tengja vananum á þann hátt að grunneðlishvatirnar, þ.e. allt sem sé í grunneðli okkar, séu vani (James, 1952). Þá vildi James meina að þetta séu skyndihvatir sem eigi sér stað í miklu magni og tilgangur þeirra sé að ýta undir myndun vana. Hann skoðaði meðal annars eðlishvöt sem tengist eftirlíkingum, reiði, samúð, ótta, forvitni, ást og afbrýðissemi. Nánast allar athuganir sínar á eðlishvötinni byggði hann á börnum. Niðurstaða James var sú að menn og dýr séu alls ekki svo ólík, bæði stjórnast meira af innsæi og vana en rökum. Þetta var þvert á þá hugmynd að menn væru frábrugðnir dýrum að því leiti að menn væru nánast án eðlishvata og stjórnuðust einna helst af rökum (Richardson, 2007).



Það er ekki hægt að fjalla um sálfræði James án þess að minnst á viljann. Samkvæmt James er viljinn í rauninni bara samþykki. Það sem stoppar viljann eru mótsagnir, hömlun og hvatir sem aftra honum. Hann skýrði þetta listilega með vísun í mann sem liggur undir heitri sænginni og þarf að fara á fætur í köldu herberginu þar sem hann liggur og reynir að sannfæra sig um að fara á fætur með því að telja til allt það góða sem hlýst af því að drífa í því og það slæma sem fylgir því að gera það ekki. Einhverra hluta vegna liggur hann þó sem fastast undir sænginni, þar sem hann heldur áfram að reyna að telja í sig kjark til að láta af þessu verða. Hvað verður á endanum til þess að hann standi upp? James sagðist tala frá eigin reynslu að oftast gerðist það án baráttu eða ákvörðunar. Allt í einu áttum við okkur á því að við séum staðin upp úr rúminu. Þarna hefur þá samþykkið verið að verkum og engin hamlandi hvöt verið til staðar rétt á meðan dröslast var upp úr rúminu (Richardson, 2007).

Áhugi James fyrir því hvernig við gætum nýtt okkur vanann til hagræðingar var óbilandi. Hann taldi vanann vera stóran part af lífinu. Hann vildi vita hvernig við vendum okkur á góðan vana og hvernig við losuðum okkur við slæma vana. Lausnina taldi hann felast í lífeðlisfræðilegri byggingu taugakerfis okkar og hvernig það virki út frá þeim tengingum sem þegar eru til staðar. Af rannsóknum á vananum og viljanum dró James þá ályktun að skynjun gæti stjórnað athöfnum. Þarna fór hann á móti því að sjálfráðar gjörðir stjórnist af innri hugsun eða *blue print in the mind*. Hann taldi einnig að viljinn væri tengdur athyglinni (Myers, 1986 bls 199).

Eftir að James hafði lokið við „risarottuna“ sína, en það var heitið sem hann gaf kennslubók sinni þegar hann sendi hana útgefanda, dró úr áhuga hans á sálfræði. Þó átti hann eftir að semja eitt af lykilritum sínum, *The varieties of religious experience*, um trúarlífssálfræði sem kom út 1902. Það fékk mikla umfjöllun hér á Íslandi í kjölfar þess að Guðmundur Finnbogason þýddi og birti langan útdrátt úr bókinni í Skírni.<sup>2</sup> Þar fjallaði James um trúna frá sjónarmiði sálfræðinnar. Hann t að rannsóknir sínar leiddu í ljós tvær manngerðir, hina heilbrigðu sál og hina „sjúku sál“, þá sem eru einu sinni fæddir og hina endurfæddu (Jörgen L. Pind, 2006).

Í lok starfsævi sinnar, og í raun lífsævi, sneri James sér að umfjöllun um *gagnsemishyggju – pragmatism*. Helsta fórnarlamb þessara umskipta var hin

róttæka raunhyggja sem hann hafði áður aðhyllst (Richardson, 2007). Á þessum tímapunkti taldi James að hvort menn aðhylltust rökhyggju eða raunhyggju færi eftir lunderni þeirra en ekki rökvísi. Á meðan raunhyggjumaðurinn kysi efnishyggju, kysi rökhyggjumaðurinn trú. James taldi hins vegar að hver venjulegur maður vilji staðreyndir, vísindi og trú. Því sé gagnsemishyggjan með svarið, hún kjósi allt þetta. Gagnsemishyggjan, að mati James, felur í sér viðurkenningu á að athafnir og afleiðingar þeirra séu það sem skiptir máli. Hún meðtekur þann möguleika að heimurinn sé breytilegur og fjölpátta. James tók jafnvel svo djúpt í árinna að segja að hægt væri að gera gagnsemishyggjuna að staðgengli trúarinnar. (Richardson, 2007).

## Sálfræði á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar

Þó að hér sé því haldið fram að sálfræði Íslands marki upphaf sitt með Guðmundi Finnbogasyni, Ágústi H. Bjarnasyni og kollegum þeirra er það eins og að segja að engin sálfræði hafi verið til í heiminum áður en Wilhelm Wunt setti upp sálfræðirannsóknarstofu sína. Það er augljóst að menn höfðu velt fyrir sér sálfræðinni hér á landi áður en Guðmundur og Ágúst sneru til baka úr námi sínu. Meðal annars þýddi Magnús Stephensen ritið *Sálar-Fræði, ætluð námsfúsum Unglíngum: einkum Kénnslu Bornum* eftir J. H. Campe (Hannes Björnsson, 2009).

Það eru þó engu að síður Guðmundur, Ágúst og séra Hannes Árnason sem leggja til mestu vinnuna við að koma íslensku sálfræðinni á legg. Framlag Guðmundar og Ágústs fólst fyrst og fremst í þeim þýðingum og verkum sem þeir sendu frá sér á starfsævi sinni. Með áhuga sínum og ákafa leiddu þeir fyrir sjónir Íslendinga rit hinna merku fræðimanna utan úr heimi, ásamt því að leggja til sínar eigin kenningar á máli og formi sem flestir Íslendingar gátu skilið. Framlag Hannesar er aftur á móti annars eðlis. Hann var kennari í Prestaskólanum. Þar kenndi hann meðal annars rökfræði, steinafræði og sálfræði. Að minnsta kosti einn sálfræðifyrirllestur hans frá tímabilinu 1855-56 hefur varðveist í uppskrift Eiríks Magnússonar (Hannes Björnsson, 2009). Hannes var aldrei rómaður fyrir að vera öflugur fræðimaður en engu að síður unni hann fræðunum. Það varð til þess að hann áhafnaði öllum eignum sínum sjóði sem ætlað var að styrkja þann sem „vildi stúdera heimspeki og heimspekileg vísindi“ (Jörgen L. Pind, 2006 bls 156) við andlát sitt. Sjóðurinn, oft nefndur Hannesarlegatið, úthlutaði 2.000 kr sjötta hvert ár til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinn árið 1901. Hverjum styrkþega var gert að eyða þremur árum í að stúdera heimspekileg hugarefni sín erlendis og fjórða árinu í að halda fyrirlestra í Reykjavík um það efni sem hann hafði kynnt sér. Styrkþegarnir úr sjóðnum urðu alls 11 áður en hann var lagður niður. Guðmundur, Ágúst og Sigurður Nordal voru þrír fyrstu styrkþegar sjóðsins. Nú verður fjallað um þessa þrjá fyrstu styrkþega og framlag þeirra til íslensku sálfræðinnar.

## **Fyrstu Íslensku sálfræðingarnir**

### *Guðmundur Finnbogason 1873 - 1944*

Guðmundur fæddist 6. júní 1873 á Íslandi. Hann komst með dyggri hjálp góðra manna frá sárri fátækt til mikilla mennta. Guðmundur varð fyrstur Íslendinga til að verja doktorsritgerð í sálfræði. Hann lauk meistaraþrófi í heimspeki með sálfræði sem aðalgrein við Hafnarháskóla árið 1901. Hann varði svo doktorsritgerð sína um samúðarskilninginn við Hafnarháskóla árið 1911 (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1958). Óhætt er því að segja að Guðmundur hafi verið fyrsti sálfræðingur Íslendinga.

### *Nám*

Þann 16. ágúst 1896 lagði Guðmundur af stað frá Reykjavík til Hafnar. Fyrir lá 5 ára nám til meistaraþrófs í heimspekideild með sálfræði sem aðalgrein í Hafnarháskólanum. Á fyrsta ári las Guðmundur undir heimspekíprófið hjá Haraldi Höfðing. Höfðing, sem var á hátindi ferils síns á þessum tíma, hafði töluverð áhrif á Guðmund og samnemanda hans Ágúst H. Bjarnason. Guðmundur lauk, að loknu fyrsta árinu, heimspekíprófinu með ágætis einkunn; „udmærket godt“ (Jörgen L. Pind, 2006 bls 98). Eftir að hafa lokið heimspekíprófinu með slíkum glæsibrag hellti Guðmundur sér í lesturinn fyrir meistaraþrófið. Guðmundur hafði fjóra kennara við Hafnarháskólann, Harald Höfðing, Alfred Lehmann, Kristian Kroman og Claudius Wilkens. Um kennara Guðmundar er fjallað í bók Jörgen L. Pinds; *Frá sál til sálar* (Jörgen L. Pind, 2006).

Þegar ljóst var að Hannesarlegatinu yrði úthlutað um það leyti sem Guðmundur væri að ljúka námi setti hann allt kapp í að ljúka því sem allra fyrst. En hann var ekki einn um þetta kapp því að íslenskur samnemandi hans Ágúst H. Bjarnason hafði einnig hug á að ná í Hannesarstyrkinn. Þrátt fyrir að hafa lokið prófi tímanlega og með ágætum fór ekki svo að Guðmundi fengi Hannesarlegatið í fyrstu úthlutun. Styrkurinn kom í hlut Ágústis og er ljóst að kennari þeirra, Höfðing, hafi haft heilmikið um það að segja.

### *Starfsferill*

Þegar ljóst var að Guðmundur fengi ekki Hannesarlegatið sótti hann um tveggja ára styrk til Alþingis til að kynna sér skólamál erlendis. Bókina *Lýðmenntun* gaf

Guðmundur svo út eftir að hafa kynnt sér skólastarfið. Í henni fjallaði hann um menntun með sálfræðilegu ívafi. Í beinu framhaldi af þessu fær Guðmundur svo styrk til tveggja ára til að kynna sér kennslumálin á Íslandi.

Guðmundur ritstýrði Skírni, tímariti Hins íslenska bókmenntafélags, nokkuð reglulega á starfsævi sinni. Fyrst tók hann við starfinu í ársbyrjun 1905 og gegndi starfinu til ársins 1907. Hann sat svo aftur sem ritstjóri Skírnis frá ársbyrjun 1913 – 1920. Að lokum gegndi hann starfinu frá árinu 1933 til starfsloka sinna árið 1943. Guðmundur nýtti sér Skírni sem málpípu sína og birti þar allmargar greinar sem hann skrifaði um eða þýddi eftir William James.

Sumarið 1907 var úthlutað úr sjóði Hannesar Árnasonar öðru sinni. Nú kom styrkurinn í hlut Guðmundar, 2.000 krónur á ári til fjögurra ára (Jörgen L. Pind, 2006 bls 256). Guðmundur sigldi til Hafnar til bollalegginga með Höfðing. Á þremur fyrstu árunum sem Guðmundur naut Hannesarlegatsins ferðaðist hann mikið. Hann fór meðal annars til Parísar, Berlínar og Kaupmannahafnar í heimspekilegri leit sinni að áhugverðum og gagnlegum heimildum og fræðimönnum. Fjórða árið, veturinn 1910 – 11, flutti Guðmundur fyrirlestra sína, *Hugur og heimur*, í Reykjavík, eins og gert var ráð fyrir í Hannesarlegatinu. Fyrirlestrarnir vöktu mikla athygli og voru að lokum gefnir út af Bókaverslun Sigfúsar Eymundsonar árið 1912.

Það leið ekki á löngu þar til þeir skólabræður, Guðmundur og Ágúst, öttu aftur kappi. Núna var það staða heimspekisprófessors við nýstofnaðan Háskóla Íslands, 1911, sem þeir sóttust báðir eftir. Embættið var auglýst laust til umsóknar um það leyti sem Guðmundur sá fyrir endann á doktorsritgerð sinni. Hann lagði því nótt við dag að verða á undan Ágústi að verja ritgerð, þó Ágúst hefði verið skipaður til bráðabirgða í embættið við setningu skólans 17. júní 1911. Allt kom fyrir ekki og rétt áður en Guðmundur átti að fara með vörnina frétti hann að Ágúst hefði verið skipaður í stöðuna (Jörgen L. Pind, 2006).

Í doktorsritgerðinni, *Den sympatiske Forstaaelse*, nálgast Guðmundur viðfangsefnið út frá sálfræðilegri greiningu. Hann endaði á því að gera sálfræðirannsókn og fyrstu íslensku doktorsritgerðina í sálfræði. Áhrifa gætir mest frá Haraldi Höfðing, Henri Bergson og William James. Frá James sótti Guðmundur þau efnisatriði sem lúta að sambandi tilfinninga og líkamssvörunnar. Þaðan hafði hann það einnig að óhætt sé að nota hvers konar reynslu sem

„gögn“ í sálfræðirannsóknnum (Jörgen L. Pind, 2006 bls 286). Ritgerðina varði Guðmundur svo 26. september 1911. Vörnin vakti nokkra athygli, þar sem efnið þótti auðskilið og Guðmundur líflegt doktorsefni (Jörgen L. Pind, 2006).

Árið 1917 sótti Guðmundur í annað sinn um það hjá Alþingi að stofnað verði fyrir hann embætti við Háskóla Íslands. Það varð úr að stofnað var fyrir hann embætti í hagnýtri sálfræði og tók hann við starfi prófessors í byrjun árs 1918. Í fyrirlestur Guðmundar við háskólann gætti oft áhrifa frá William James. til dæmis í fyrirlestri hans um „sálfræði námsins“ (Jörgen L. Pind, 2006 bls 382). Guðmundur gegndi prófessorstöðunni til ársins 1924. Þá hafði heldur þrengt að í efnahagsmálum landsins og mikið var bitist á Alþingi um gagnsemi embættis hans. Guðmundur sagði starfi sínu sjálfur lausu. Það gerði hann vegna þreytu á að embætti hans skyldi vera stöðugt þrætuepli á Alþingi þar sem menn ýmist lofuðu eða löstuðu framlag hans til háskólans. Hann tók í framhaldi af því við starfi Landsbókavarðar og virtist nokkuð sáttur við hlutskipti sitt. Embætti prófessors í hagnýtri sálfræði var lagt niður í beinu framhaldi af þessu.

Árið 1943 var starfslokaár Guðmundar, en þá lét hann af störfum Landsbókavarðar, forseta Bókmenntafélagsins og ritstjóra Skírnis, þá sjötugur að aldri. Ári síðar, 17. júlí 1944 lést Guðmundur.

### *Helstu ritverk og þýðingar*

Árið 1903 skrifaði Guðmundur William James og bað um leyfi til að þýða og gefa út á Íslandi fyrirlestur hans frá 1898, *Um ódauðleikann*. Fyrir James var það auðsótt mál og honum þótti heiður að íslenskir útgefendur skuli hafa áhuga á verkum hans (Jörgen L. Pind, 2006). Bókaverzlun Guðmundar Gamalielssonar gaf út árið 1906 bókina *Ódauðleiki mannsins – tvær ímyndaðar mótbárur gegn ódauðleikakenningu*, fyrirlestur eftir William James í þýðingu Guðmundar Finnbogasonar.

Í upphafi fyrirlestarins um ódauðleika mannsins byrjaði James á að rita „[allt] sem snertir ódauðlegt líf á sér aðal-rætur í tilfinningum manna.“ (James, 1898/1906 bls 11). James kvaðst ætla að svara tveimur mótbárum hinnar nýju menningar á hina gömlu hugmyndir um annað líf. Fyrri hlutinn fjallar um hvort sálarlífið sé háð heilanum. Á því sviði felast mótbárurnar í því að ef sálin leynist í gráa efni heilans hvernig getur hún lifað og starfað eftir rotnun heilans? Niðurstaða James er sú að „Líffærafræðingar, lífeðlisfræðingar og sjúkdóma-

fræðingar hafa aðeins sýnt , að þetta [almennt] viðurkennda samband sálarlífsins við heilann sé margbrotið og náttvinnuð“ (James, 1898/1906 bls 18). James segir nauðsynlegt að skoða verkefnatenginguna til að sjá möguleikann á framhaldslífi. Þar greinir hann á milli framleiðsluverkunar, sem er þegar verkanir myndast innra með líkamlegum hlutum, leysiverkunar, sem leysir hömlur, og leiðsluverkunar, sem virkar eins og litað gler sem dreifir ljósi og ræður lit þess. Taldi hann víst að meðvitundin gæti haft leiðsluverkun þar sem heilinn lítar og dreifir meðvitundinni inní þennan heim. Þegar heilinn deyr þá hverfur meðvitundarstraumurinn úr þessum náttúrulega heimi. „En sú tilveruheid, sem meðvitundin var frá runnin, mundi vera óskert eftir sem áður; og í þessum verulegri heimi, sem meðvitundin var samvaxin, jafnvel meðan hún var hér, gæti hún haldið áfram á einhvern hátt, sem vér ekki þekkjum“ (James, 1898/1906 bls 30). James lagði áherslu á að í deilum standi framleiðslu- og leiðsluverkunin jafnvel að vígi en í víðara sjónarmiði endi framleiðslukenningin á því að fjölga furðuverkunum enn frekar meðan leiðslukenningin fellur betur að hugrænni heimspeki.

Seinni hlutann notaði James til að fjalla um „hinn ótrúlega og óþolandi fjölda af verum, sem vér eftir því sem ímyndunarafli voru nú á tímum er háttað, verðum að telja ódauðlegar, ef ódauðleiki á sér stað“ (James, 1898/1906 bls 46). Þar fór James yfir þá hugmynd að ef við, hvert og eitt okkar, munum hljóta eilíft líf, hvað með forfeður okkar, dýrin og hvern og einn einasta villimann sem hefur lifað – því ætti að neita þeim um ódauðleikann? Taldi hann þá oft handhægara að falla frá þeim grunni sem slík kenning byggir á en að reyna að koma taumi yfir þann fjölda sem ella myndi þurfa að rúmast í eilífðinni. „Vér viljum heldur sjálfir fara á mis við ódauðleikann, en að trúna því, að allur her Hottentotta og Ástralnegra, sem verið hafa og verða munu, eigi að njóta hans með oss um *aldir alda*“ (James, 1898/1906 bls 52). Þarna vildi James meina að ákveðin hugsanavilla sé í gangi, því þar sem alheimurinn skapar hverja einustu lifandi veru þá skapi hann líka þörfina fyrir hana, þó að okkur kunni að virðast annað. Því að vistarverurnar í ódauðleikanum séu alls ekki takmarkað rými heldur skapist nægt pláss fyrir hvert það líf sem verði til. Niðurstaðan verður því „að hugmyndin um leiðindin í of þéttbýlum himni er glapsýn ein, vottur um mannlegan hæfileikaskort, leifar hinnar gömlu, lítilhjörtuðu stórbokkarskoðunar“ (James, 1898/1906 bls 60).

Í fyrsta árgangi Skírnis sem Guðmundur ritstýrði, árið 1905, fjallaði hann rækilega um nýlega bók William James *The varieties of religious experience*. Guðmundur lýsti í greininni velpóknun sinni á höfundi. Guðmundur þýddi einnig greinina *Sannleikurinn* frá 1907 eftir James. Nánari umfjöllun um greinarnar og viðbrögð við þeim er að finna í kafla 2.4. *Umfjöllun og þýðingar á ritum William James frá aldamótum 1900 fram til ársins 1925*.

Árið 1912 eru Hannesarfyrirlestrar Guðmundar gefnir út. Fyrirlestrarnir eru tuttugu talsins, fyrri 10 fyrirlestrana sagði Guðmundur vera undir áhrifum frá Henri Bergson, William James og Wilhelm Ostwald en síðari 10 byggja á doktorsritgerð Guðmundar um samúðarskilninginn. Guðmundur tók fram að hlutverk heimspekinnar væri að veita yfirsýn yfir hlutina og gera mönnum hægara um vik til að átta sig á tilverunni. Efni fyrirlestranna er „...hvernig ýmislegri þekkingu vorri og skilningi á hlutunum er varið.“ (Guðmundur Finnbogason, 1912 bls 17). Í eðli hvers manns er eitthvað sérstakt sem þarf dýpri skilning á sálarlífi manna til að skilja. Hvernig við skiljum sálarlíf annarra manna snerti skilning okkar á þessu séreðli. Guðmundur kallaði þetta brautir frá sál til sálar. Þá hafði Guðmundur gert grein fyrir því efni sem hann ætlar að nota fyrirlestra sína til að skýra.

Guðmundur byrjaði fyrirlestraröð sína á því að fjalla um á að fjalla um skynjun mannsins. Fyrirlesturinn II. *Skynjan*. *Hugtök* fjallar um skilningarvit mannsins, hvort heldur sem þau eru talin 4 eða 5. Hann lagði áherslu á mikilvægi minnisins í skynjunum okkar. Í næstu þrem fyrirlestrum kom Guðmundur inn á þekkingarfræðina (Jörgen L. Pind, 2006). Þar var fjallað um orsakasambönd, rökhugsun og tilgátur, og talningar og mælingar.

Fimmti fyrirlesturinn VI. *Lífrænt og ólífrænt* var um muninn á ólífrænum hlutum, svo sem kletti og lífrænni veru, svo sem kind. Lifandi verur hafa mismunandi parta sem allir vinna saman til að viðhalda lífverunni. Lífveran er svo greind niður í hinar minnstu frumur til að sýna fram á aðgreininguna. Hann fór svo út í umfjöllun um orku heimsins og endaði í umfjöllun um meðvitundina. Um meðvitundina hafði Guðmundur það að segja að líklegast væri að menn væru ekki einir um það fyrirbrigði heldur nytu dýr hennar líka.

Í sjötta fyrirlestri VII. *Sjálfráðar og ósjálfráðar hreyfingar* fjallaði Guðmundur um taugakerfið, mænu og heilan. Þessu líkti hann við símstöð líkamans sem



stjórnar boðum til og frá útlimum. Hann tengdi svo taugakerfið við sjálfráðar og ósjálfráðar hreyfingar líkamans og einnig hvernig fyrri ósjálfráðar hreyfingar verða að sjálfráðum og hlutverk reynslunnar þar um. Áttundi fyrirlesturinn fer svo í kenningar Bergsons um meðvitund og líkamann. Níundi fyrirlesturinn, IX. *Veruleiki. Sannleiki* er eins og nafnið bendir til um sannleikann. Nokkuð víst að þarna byggði Guðmundur á grein, sem hann síðar þýddi, frá James.

Aðrar bækur sem Guðmundur gaf út tengdar sálfræði á starfsævi sinni voru; bókin *Vit og strit* frá árinu 1915 og *Vinnan* frá árinu 1917. Bókin *Vit og strit* skiptist í fimm greinar, *Sálfræðin og vinnan, Vinnuvísindi, Orkunýting og menning, Um akta-skrift* (Jörgen L. Pind, 2006) og *Verkamaðurinn*. Guðmundur ætlaði bókinni að sýna fram á gagnsemi sálfræðinnar við vinnunýtingu. Guðmundur fékk styrk til að kanna möguleikana á bættum vinnuaðferðum í landbúnaði og iðnaði með það í huga að bæta lífsskilyrði þeirra sem þar störfuðu („Velvilji valdastjórnar, 2006“).

### *Ágúst H. Bjarnason 1875 - 1952*

Ágúst fæddist 20. ágúst 1875 á Bíldudal. Hann lauk meistarp prófi í heimspeki 1901 og doktorsprófi í sömu grein árið 1911 við Háskólann í Kaupmannahöfn. Mestum hluta starfsævinnar eyddi hann í kennslu, fyrst við Mennaskólann í Reykjavík, 1905 – 1911, og síðar sem heimspeki prófessor við Háskóla Íslands, 1911- 1945. Hann sat í fjölda nefnda og félaga, ásamt því að senda frá sér töluvert af ritum og greinum (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1958).

Ágúst hóf nám við Hafnarháskóla haustið 1894. Ætlunin var að lesa læknisfræði en eftir að hafa sótt tíma í forspjallavísindum hjá Höfðing og lokið heimspeki prófinu með ágætiseinkunn ákvað hann að læknisfræðin væri ekki fyrir sig.

Þegar leið að námslokum sóttust bæði Ágúst og Guðmundur eftir Hannesarlegatinu. Sem fyrr segir hafði Ágúst betur í þeirri viðureign með dyggri hjálp Höfðings. Með legatið í vasanum gat Ágúst einbeitt sér að hugðarefnum sínum og doktorsritgerð. Hann ferðaðist til Hafnar, Zurich og Berlín. Árið 1904 kom hann aftur til Íslands til að flytja Hannesar Árnasonar fyrirlestra fyrir íslenska alþýðu. Að áliti Guðmundar var efni fyrirlestrana allt of víðtækt en hann skrifaði í bréfi til Höfðings „Hann veitir yfirlit um alla heimspeki veraldar og trúarbrögð frá því í árdaga til okkar daga. Allt of stórt efni fyrir mig.“ (Jörgen L. Pind, 2006 bls 235).

Það virðast hafa verið örlög Ágústs að hafa alltaf betur þegar þeir Guðmundur öttu kappi um styrk, starf eða stöðu sem þeim hugnaðist báðum. Eins og fyrr segir var hann skipaður í embætti heimspekiþrúfessors við nýstofnaðan Háskóla Íslands, 1911, rétt fyrir vörn Guðmundar á doktorsritgerð sinni.

Ágúst nýtti sér stöðu sína sem háskólaþrúfessor meðal annars til að skrifa kennslubækur. Árið 1916 gaf prentsmiðjan Gutenberg út fyrstu frumsöndu íslensku kennslubókina í sálfræði eftir Dr. Ágúst H. Bjarnason. Bókin, Almenn sálfræði, er ætluð til notkunar við sjálfsnám og nám í forspjalls vísindum. Ágúst hafði verið 5 ár að skrifa bókina. Hann tileinkaði ritið Höfðing og í formálanum minntist hann einnig á Kroman, Lehmann, James og Dewey sem ómetanlega fræðimenn á sviði sálfræðinnar og að hann eigi ritum þeirra mikið að þakka við gerð bókarinnar. Þær heimildir tengdar William James sem Ágúst tiltekur í heimildaskrá sinni eru: *Sjælelære. Foredrag for Lærere og Lærerinder* (norsk þýðing eftir E. Aas) útgefin í Stav. 1904. *Textbook of Psychology* gefin út af Macmillan & Co, ekkert ártal gefið upp og *The Principles of Psychology* útgefin af Macmillan & Co árið 1890.

Bók Ágústs er skipt upp í 26 hluta og hverjum hluta er skipt í margar undirgreinar. Í fyrstu grein, *Hvað er sálfræði*, skrifaði Ágúst;

*Sálarfræðin ræðir því aðallega um sálarlífið, hin sálarlegu, eða öllu heldur andlegu fyrirbrigði eins og þau birtast oss fyrir hugskotssjónum vorum, og að eins að nokkru leyti um hin líkamlegu fyrirbrigði, er standa í sambandi við þau. Aðalmarkmið sálarfræðinnar er að setja oss fyrir sjónir, hvernig hin andlegu fyrirbrigði lýsa sér og hvaða lögmálum þau lúta (Ágúst H. Bjarnason, 1916 bls 1)*

Í því sem eftir er af fyrsta hluta fór Ágúst snögg yfir sögu sálarinnar og sálfræðinnar, og hvernig þessi fyrirbæri voru túlkuð á hverju tímabili fyrir sig. Í næstu hlutum fer Ágúst meðal annars yfir aðferðir sálfræðinnar og aðstoðarvísindi, orku, líf og anda, uppruna og þróun lífs og meðvitundar, ásamt því að fjalla um kenndir til dæmis vitkenndina, starfskenndir, hlutkenndir, persónukenndir og listkenndir.

Þeir hlutar sem ætla má að Ágúst hafi unnið upp úr sálfræði James eru aðallega í síðari hluta bókarinnar. Þeir fjalla um geðshræringar (bls. 248 – 256), viljann (301 – 327) í þremur köflum og vanann (bls. 309 – 322).

Í hluta XV. *Tilfinningin. Líkamleg undirstaða hennar og lífsgildi* fjallaði Ágúst um tilfinningarnar og hvernig megi skipta þeim í geðhrif, geðshræringu eða geðslag eftir því hversu veik eða sterk tilfinningin er eða hvort hún er langvinn eða skammvinn. Þá fjallaði hann í 203 gr. um James – Lange kenninguna. Þar lýsti hann því hvernig kenningin heldur því fram að allar geðshræringar séu af líkamlegum uppruna. Þannig að við grátum ekki af því að við erum leið, heldur erum við leið af því að við erum farin að gráta. Án hinna líkamlegu hræringa myndu geðshræringar ekki vakna, þótt við hefðum andlega ástæðu til. Ágúst tók það fram að þessi kenning sé frekar ýkt og þótt að líkamsástand geti gert menn hneigðari til eins líkams ástands þá þurfi jafnan eitthvert andlegt tilefni að vera og ekki sé afturkast frá líkamanum nauðsynlegt til að valda geðshræringu. Hann taldi fram máli sínu til stuðnings að lamaðir menn geta fundið fyrir geðshræringum án þess að líkami þeirra hafi nokkra burði til að magna þær upp. Þó sé sannleikur í því að líkamlegt afturkast geti magnað tilfinningar og þannig geðhrifin orðið að geðshræringum. Í þessum hluta er einnig fjallað um líkamleg áhrif og birtingar geðhrifa og geðshræringa, hvernig við sækjumst í það sem sem okkur líkar við en böndum frá okkur því sem við höfum andstyggt á (204. gr.). Hvernig geðslag sprettur frá hinum ríkjandi skapsmunum og líkamslíðan (205. gr.) og að lokum tilfinningamatið, hvernig þarfir okkar eru litlar í fyrstu en vaxa smátt og smátt eftir því sem þeim er meira fullnægt. Eindregin afstaða Ágústis til kenningarinnar kemur ekki fram í kaflanum. En ætla má að hann hafi haft töluvert útá kenninguna að setja, sérstaklega í ljósi þess að hann tekur fram að kenningin sé frekar ýkt.

Í hluta XXIII. *Viljakenningar* velti Ágúst því upp hvort að viljinn sé sérstök sálareigind og kemst að því að, „Viljinn er því í raun rétttri ekki annað en sjálfsstarf vort í öllum þess margvíslegu myndum“ (Ágúst H Bjarnason, 1916 bls 303) (261. gr.). Í næstu grein, 262. fór hann yfir sjálfsstarfið og þróun þess. Síðan fór hann yfir í vald viljans og vanmátt hans, grein 263. Þar sagði hann „Mýmargir hafa haldið því fram, að vér hefðum í raun rétttri engan vilja og ekkert vald til þess að gera annað en það, sem eðli vort og aðstæðurnar byðu“ (Ágúst

H Bjarnason, 1916 303). Í lok þessa kafla fer Ágúst meðal annars yfir viljakenningarnar, nauðungakenninguna (265. gr.), fríviljakenninguna (266. gr.) og sjálfræðiskenninguna (267. gr.). Í lok kaflans dregur hann saman með að lýsa þeirri andlegu eigind sem viljinn byggir á sem athygli. Þessi athygli velur þann kostinn hverju sinni sem sjálfsveru okkar líkar best við það skiptið.

Í næsta hluta, XXIV. *Viljalíf mannsins*, hélt Ágúst áfram að tala um viljann í þrengri merkingunni, en það er „hin sjálfráða athygli mannsins, óskir hans og fýsnir, íhugunin og hvatabaráttan í brjósti hans, og að síðustu val hans, fyrirætlanir og framkvæmd“ (Ágúst H Bjarnason, 1916 bls 309). Þar taldi hann að sambandið milli viljans og vanans væri mikilvægt og að flest sem menn gera ósjálfrátt og óafvitandi hafi þeir einhvern tímann þurft að veita töluverða athygli og jafnvel áreynslu (272. gr.). Vaninn og eftirdæmið eru líka ástæða þess að eitt mál verður tungumál okkar og að við líkjumst þeim sem í kringum okkur eru hvað varðar trúarbrögð, skoðanir og hugarfar (273. gr.). Vaninn getur bæði verið vondur og góður. Slæmur vani er til dæmis ef menn venjast á leti og slugs. Þá verður þeim óyfirstíganlegt að taka sér nokkurt ærlegt verk í hönd en góður vani er þegar menn venja sig á að vinna á hverjum degi og brátt verður það þeim nauðsyn að vinna vel á hverjum degi. Þá hefur vaninn áhrif á dygðina og ef menn leyfa sér að falla einu sinni í freistni verður næsta fall mun auðveldara (274. gr.). En vanann má temja með æfingunni. Þá beinum við athyglinni og höfum nákvæmar gætur á þeirri athöfn sem ætlunin er að temja sér. Þetta getur tekið á í fyrstu og hvert atriði krefst fullrar meðvitundar. En með ítrekuðum tilraunum venst athöfnin og krefst sífellt minni eftirtektar og að lokum verður athöfnin að ósjálfráðum vana. Orsök þessa segir Ágúst vera líkamlega og hana megji finna í mænukerfi mannsins (275. gr.). Ef eitthvað valdi fýsn eða nautn sé mjög auðvelt að venja sig á það, en erfitt að venja sig af því aftur. „Þetta stafar af því, að hver endurtekin athöfn er ekki einungis fyrirrennari, heldur og brautryðjandi annara samskonar athafna, hún dýpkar farveginn að hverri nýrri endurtekningu og festir þar af leiðandi vanann“ (Ágúst H Bjarnason, 1916 bls 315). Eftir því sem ávaninn er eldri og oftar endurtekinn herðist á hlekkjunum og erfiðara verður að losa sig undan honum (277. gr.). Ágúst lauk svo þessum hluta með því að fjalla um meðfæddar tilhneigingar og eðlishvatir, hvernig hinar ósjálfráðu hreyfingar verða smámsaman sjálfráðar, stjórn manna á tilfinningum

sínum og tilhneigingum, mismunandi hvatir, íhugun, baráttu og val og hvernig fyrirætlunin er mis-sterk og ákveðin (greinar 277 – 284).

Í 25. hluta, XXV: *Ögun viljans*, byrjaði Ágúst á að fara yfir hvað viljabílun er (285. gr.) en það er þegar „Öll sálarorka mannsins fer þá í að velta því fyrir sér, hvað hann eigi að gera og hann getur aldrei hafist handa.“ (Ágúst H Bjarnason, 1916 bls 323). Greinin í beinu framhaldi, 285. *Að temja líkamann og öll dagleg störf sín*, sagði Ágúst að þetta hafi verið sú spurning sem William James hafi hvað helst reynt að svara í hinum ýmsu ritum sínum. Þar taldi James mikilvægt að temja líkama sinn þannig að hann sé þjónn en ekki herra og daglegu störfín svo tóm að þau kosti litla áreynslu. Næstu greinar fjalla svo um nauðsyn þess að leggja sig allan fram þegar á að venja sig á eða af einhverju. (287. gr.), mikilvægi þess að gera engar undantekningar á vana sem er nýlega inngróinn (288. gr.) og hvernig endurtekningin er hættuleg ef hún er í þágu slæms vana (289. gr.). Efagirni og íhygli getur einnig valdið vandamálum við framkvæmdargleðina, „Því er bext að ráða ráðum sínum vel og rækilega; en hefjast síðan handa og hika ekki úr því“ (Ágúst H Bjarnason, 1916 bls 326) (290. gr.). Þá er mikilvægt að grípa fyrsta tækifærið (291. gr.), hafa ekki of mörg járn í eldinum og hlaupa því stefnulaust úr einu í annað (292. gr.) og síðasta ráð James er að stæla viljann daglega og vera þannig undirbúinn ef ógæfa dynur á, því maður er búinn að temja sér að taka á mótlætinu (293. gr.). Passa verður þó að falla ekki í það að vera einsýnn og þröngsýnn og halda sálarsjón sinni opinni (294. gr.).

Kennslubókin, *Almenn Sálfræði*, var svo endurútgefin árið 1938 með töluverðum breytingum. Í nýju útgáfunni voru 30 hlutar, og eins og Ágúst sagði sjálfur í formálanum hafa „flestin kaflar hennar verið endursamdir og mörgum nýjum bætt við“ (Ágúst H Bjarnason, 1938 bls XV). Í þessari síðari útgáfu var Ágúst duglegri að vísa til heimilda í neðanmálgreinum innan kaflana en hann sleppti úr heimildaskránni sem fylgdi aftast í fyrri útgáfunni. Það vekur athygli að þeir kaflar sem áður voru nefndir úr fyrri útgáfunni hafi nokkuð orðið fyrir barðinu á niðurskurðarhnífnum. Gæti þá einhver hluti ástæðunnar legið í því að þegar bókin er endurútgefin eru 28 ár frá láti James.

Ágúst vísaði fjórum sinnum til James í neðanmálgreinum sínum í hinu nýju útgáfu af *Almennri sálfræði*. Fyrsta tilvísunin er í sambandi við umfjöllun um hin mismunandi sjálf. Þar tilgreindi Ágúst aðgreiningu James milli hins líkamlega og

efnalega sjálfs, hins félagslega sjálf og hins andlega sjálfs í hugum og athöfnum manna (Ágúst H. Bjarnason, 1938 bls 196). Hann minnst einnig á hið „hreina sjálf“ sem James taldi að alla jafnan væri yfir hinum. Ágúst gaf ekki mikið fyrir ágæti þessarar aðgreiningar en telur þó rétt að halda henni eins langt og hún nái. Hann taldi mikilvægara að greina í hið æðra og óæðra sjálf því að í baráttunni á milli þeirra sé mikið af sálarlífi mannsins falið (Ágúst H. Bjarnason, 1938). Þetta er að því virðist viðbót í umfjöllunina um sjálfið úr fyrri útgáfu bókarinnar. Kaflarnir eru að miklu leyti eins upp byggðir þó að í nýrri útgáfunni séu þeir lengri og kaflaheitin önnur. Báðir byggja þeir mikið á því hvernig börn uppgötva sig sem sjálfstæða eigind í heiminum.

Næst vísaði Ágúst til James í grein 193. *Aðrar rúmskynjanir*. Þetta er örlítið breytt heiti á greininni frá fyrri útgáfu en þar bar hún heitið *Rúmskynjanir* og var nr 147. Kaflinn XIII, í útgáfunni frá 1938, fjallar um skynmyndir í tíma og rúmi, rúmskynjanir geta eru þreif- og sjónskynjanir. Þreifirúmið er aðallega í blindum og þar kom Ágúst með stílfærða grein frá Hank Levy höfundi bókarinnar *The Blindness and the blind* sem lýkur með tilvitnun í James. Þar er verið að fjalla um „andlitsskyn“ blindra þegar James er nefndur til sögunnar og er tilgreint að þetta komi úr *The Principles of Psychology* seinna bindi, bls 204 (Ágúst H. Bjarnason, 1938 bls 289). Umfjöllunin í seinni útgáfunni er frábrugðin þeirri í fyrri útgáfunni, í þeirri fyrri er aðeins dreypt á áður nefnd rúm og „andlitsskynið“ hvergi nefnt. Aftur var Ágúst ekki alveg til í að samþykkja það sem hann hafði eftir James. Niðurstaða hans var sú að „Hvað sem um þetta „andlitsskyn“ blindra manna er að segja, þá er hitt víst, að þreifiskyn sumra þeirra verður svo næmt fyrir æfinguna og starfið, að þeir geta jafnvel greint hárlit á skepnum....“ (bls 289).

Í kafla XV. *Nám, minni og upprifjun* byggir Ágúst á kafla sínum sem aðeins bar heitið XII. *Minni* í fyrri útgáfunni. Þó er greinina, þar sem hann vísar til James, ekki að finna í fyrri útgáfunni, grein 211. *Skynrænt minni* fjallar um hvernig menn muna á mismunandi vegu þar er greint á milli sjónminnis og hljóðræns minnis (bls 309).

Síðasta skiptið sem Ágúst sá ástæðu til þess að tilgreina James sem heimild er í kafla XIX. *Tilfinningalífið. Geðhrif, Geðshræringar og Geðslag*. Það er umfjöllunin um James-Lange kenninguna sem honum þótti verðskulda þessa tilvísun. Ólíkt því sem var í fyrri útgáfu *Almennrar sálfræði* virtist Ágúst nú

staðráðinn í að hrekja ágæti þessarar kenningar. Hann tilgreindi tilraunir sem Sherrington nokkur hafði gert (bls 380). Sá tók hvolpa og sleit tengsl á milli líkama og heila. Samt sem áður sýndu hvolparnir geðshræringar eins og reiði og ótta. Niðurstaða Ágústs er því sú að „Geðshræringin leysir út adrenalínið...við þetta magnast geðlætin....Mætti því segja, að endurkastið frá líkamanum magnaði geðshræringuna, en það vekur hana ekki“ (bls 380). Hann endaði svo á að tilgreina óljós skil á milli geðhrifa, geðshræringa og geðláta sem aðalgalla kenningarinnar.

*Saga mannsandans* er ritröð sem Ágúst setti saman. Hún er í 5 bindum og síðasta bindið kom út eftir dauða hans. Tímabilið sem fjallað er um spannar allt frá forsögu austurlanda, yfir Hellas og Róm, svo endaði hann á í síðasta bindinu að fara yfir sögu vesturlanda allt til loka 18. aldar. Bókunum væri hægt að lýsa sem nokkurs konar sögu heimspekinnar og sálfræðinnar. Í þeim er farið yfir helstu fræðimenn sögunnar, kenningar þeirra og vísindi sem þeir settu fram. Þar sem síðasta tímatal 5. bindis endar á 1789 kemst James ekki á blað. Ætla má að eitthvað hefi verið minnst á kenningar hans ef af 6. bindinu hefði orðið.

#### *Sigurður Nordal 1886 - 1974*

Sigurður Nordal fæddist 14. sept. 1886 á Íslandi. Hann lauk meistarárófi í norrænum fræðum árið 1912 og doktorsprófi árið 1914 frá Háskólanum í Kaupmannahöfn. Hann gengdi prófessorstöðu í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands árin 1918–45. Hann sendi frá sér fjöldann allan af greinum og bókum á starfsævi sinni ásamt því að gegna hinum ýmsu stöðum í fjölda félaga. Hann var meðal annars heiðursfélagi í Rithöfundafélagi Íslands 1946 (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1965).

Sigurður var þriðji styrkþeginn sem hlaut Hannesarlegatið. Hann hafði ætíð heillaðist mjög af heimspeki og sálfræði. Í fyrirlestrum sínum kom hann víða inn á kenningar James í tengslum við efni sitt. Það lýsir áhuga hans á kenningum James að hann skuli nýta sér þær við rökstuðning á kenningum sínum. Hann flutti Hannesarfyrirlestra sína um *Einlyndi og marglyndi* veturinn 1918-19 (Jörgen L. Pind, 2006).

Fyrirlestra sína byrjaði Sigurður á kasta fram þeirri staðhæfingu að raunhyggjan, sem leggur áherslu á ytri framfarir og þægindi, hafi svipt mannkynið sólskini lífs þess.

„Mennirnir, sem hafa öðlast öll ytri gæði og alla menningu samtímans, þessa menningu, sem átti að gera jörðina að paradís, þeir finna hve ónóg hún er og spyrja : „er þetta þá [allt]? ““ (Sigurður Nordal, 1986 bls 10). Trúnni á æðri veruleika, annað líf og guðseðli sálarinnar hafi verið skipt út fyrir ytri þægindi og það hafi leitt af sér tótleika og bölsýnir. Taldi hann að slíku verði rutt úr rúmi með sálfræðinni og aukinni þekkingu á því sviði. Sigurður nefndi svo að menn eins og William James væru farnir að líta á sálfræðina út frá mannbætandi sjónarmiði og flétti lífsreglur inn í fræði sín. Það er ekki annað að sjá en honum hafi líkað þessi nýja sýn á fræðin.

Í öðrum fyrirlestri sínum minntist Sigurður á það að sálarlífinu yrði aldrei lýst nema með líkingum, og að líkingunum megi ekki gefa meira gildi en en þær hafa í raun og veru. James lýsti þessu sem „straumi meðvitundarinnar“ og þar fann hann sálinni líkingar bæði í tíma og rúmi. Manninum verður tamt að bera óefnislega hluti, eins og sálina og hugsun, saman við tíma og rúm til að ná betur yfir þau hugtök sem þeir eiga að standa fyrir. Þarna kom hann inn á eina af þekktari kenningum James um vitundarstreymið.

Þegar Sigurður fjallaði um sérhæfingu og samhæfingu taldi hann að „þó samhæfingin sé hamlandi fyrir ótakmarkaðrar fjölbreytni, þá skapar hún líka vissa fjölbreytni, en þó hún sé þannig ekki eingöngu einlynd, heftir hún a.m.k. [fullt] frelsi“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 39). Þetta er ákaflega flókið svið og enginn einn getur verið algjörlega samhæfður eða sérhæfður. Þá skapi hinar mörgu aðstæður sem menn finna sig í margar persónur sem svo aftur geta rekist saman. Hérna nefndi hann umfjöllun James um „*The Me's*“ sem stuðning fyrir þessari staðhæfingu.

*“Svo má illu venjast að gott þyki, og þá er bardaginn unninn“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 48).*

Í fyrirlestri sínum, *Endurtekningar*, kom Sigurður aftur töluvert inn á kenningar James um vanann. Þar hélt hann því fram að vaninn gæti hvorki talist vondur né góður því að allir lestir og kostir geti orðið að vana. Þar sagði hann að grunnurinn í kenningu James hafi verið að mikilvægt sé að venja sig snemma á það sem er gott og gagnlegt. Sigurður fjallaði um deiluna um hvað sé gott og gagnlegt, þó augljóst sé að ákveðin atriði, sem falli í annan flokkinn frekar en



hinn. Hann taldi þessa deilu varpa ljósi á einlyndi og marglyndi. Vaninn hefur þann kraft að geta gert veika menn sterka og rétt úr hiklyndum og íhyglnum mönnum. Ef þeir setja sér fastar skorður og fylgja þeim í hvívetna yfirgefa þeir þann flokk vesalings manna, sem James fjallaði um, sem ekkert verður úr verki því hvert skref þarf að ígrunda vandlega áður en hafist er handa. Þó getur vaninn tekið af okkur sýn undrunar og nýgirni og „æðri andleg starfsemi er því skilyrði bundin, að vaninn leysi athyglina frá mörgum einföldum hlutum“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 59). Samkvæmt James eru menn næmastir fyrir áhrifum á barnsaldri en lokast meira og meira með því sem líður á ævina. Því þarf mikið átak fyrir barn að skapa sér vana en á móti kemur að mjög auðvelt er fyrir það að byrja á nýjum hlutum. Eftir því sem venjufestan eykst er auðveldara að halda við vananum en að sama skapi erfiðara að skapa sér nýjar venjur. Því er meiri þörf á stuðningi viljans við vanann hjá yngri mönnum (Sigurður Nordal, 1986). Hérna fjallaði Sigurður um kenningar James um tengingu eðlishvata og vanans. Hann virtist samsinna kenningunni í öllu, að vaninn þarfnist lítillar athygli við framkvæmdina og eins að því yngri sem við leggjumst venja okkur á vanann því auðveldara verður það. Því sé mikilvægt að eyða æskunni og yngri árum í að temja sér góða og gagnlega siði.

Sigurður kom aðeins inn á í fyrirlestrinum *Kerfanir, ágrip fyrri og síðari lestrar*, hvernig kerfun geti stjórnað tilfinningalífi okkar. Sá maður sem er einlyndur fylgir einu kerfi og lætur ekki tilfinningar augnabliksins stjórna sér en marglyndur eða margkerfaður maður lifir eftir ástríðum augnabliksins og erfitt er að reikna hann út. Stefna hans er síbreytileg því að hugur hans veitir enga mótstöðu. Hér vitnaði Sigurður í setningu sem James setti fram á latínu og útleggst nokkurn veginn svo „ég sé hinn betri veg og samþykki hann, en ég fylgi verri veginum“ (Sigurður Nordal, 1986, bls 62). Líklega vísaði hann hér til þeirrar tengingar vanans og viljans sem James setti fram, um að þó við vitum að einhver vani okkar sé slæmur og við vitum hvað væri réttast að gera til að koma í veg fyrir hann er viljinn ekki nógu sterkur eða hin hamlandi hvöt viljanum yfirsterkari.

Í fyrirlestrinum *Viðkvæmni* felldi Sigurður þensluna undir marglyndi og samdráttinn undir einlyndi. Þá skýrði hann viðkvæmni í tengslum við sálarlíf „Það sálarlíf, sem fylgir þenslunni, er viðkvæmnin, næmið, en samdrættinum fylgir framkvæmnin, starfið“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 92). Menn eru yfirleitt

greindir í flokka í venjulegum sálfræðibókum. Þeir eru flokkaðir eftir því hvor þér séu sjónkvæmir, hljóðkvæmir eða hreyfivæmir, þetta eru sálareinkenni sem ekki vísa til þess skynfæris sem þeir eru nefndir eftir. Sigurður vildi svo bæta við tilfinningakvæmi, fyrir það hvernig menn muna tilfinningar. Hugmyndir sumra manna vekja með þeim svo sterkar tilfinningar að þær geta jafnvel yfirtekið meðvitundina. Þá viðraði hann hugmynd sem James hafði fjallað um í fyrsta kaflanum í *Varieties of Religious Experience*. Hugmyndin er sú að hugsmíðarafi og tilfinningakvæmni eru hæfileikar sem styðja við hvorn annan og fari því nauðsynlega saman. Skýrar hugmyndir vekja frekar tilfinningar og tilfinningarnar auðga hugmyndirnar með fjölbreytileika. Því verður ofsafenginn maður sem nýtir hverja hugmynd sem neista oft andlegur afreksmaður (Sigurður Nordal, 1986).

Þegar Sigurður fjallaði um tilfinningasýki í fyrirlestrinum *Tilfinningabörf* ritaði hann „Lítum snöggvast á, hvernig siðvandur sálarfræðingur eins og William James dæmir tilfinningasýkina og hvaða ráð hann gefur við henni“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 122) Þar tók Sigurður beint texta úr *Textbook of Psychology* (bls. 147, 48, stytt). Textinn fjallar um mikilvægi þess að tilfinningar og ásetningur fái að renna eðlilegt skeið. Til þess að svo megi verða þörfnumst við skapstyrks. Skapstyrkinn finnum við í vel tömdum vilja og viljinn er svo hæfileikinn til að framkvæma. Tilfinningasýki skapast þá af óljósum tilfinningum sem ekki leiða til neins og menn venjast við viðkvæmni án framkvæmnar. Eitt besta ráðið við því er að leyfa sér aldrei tilfinningalegt hrifnæmi án framkvæmnar, hversu lítil sem framkvæmnin kann að vera. James benti á í þessu samhengi að öll listnautn geti orðið til þess að tilfinningarnar flækist út af eðlilegri braut. Hann nefndi þrjá vegu sem skáldskapurinn ruglar í eðlilegu tilfinningalífi. 1) Hlutfallslega of mikið af tilfinningaorku mannsins fer í óframkvæmnar tilfinningar, því fái eðlilegar tilfinningar of litla orku og falli í sama farveg og hinar óframkvæmanlegu. 2) Það valdi ýktum tilfinningakröfum til daglegs lífs og 3) veruleikinn verði aðeins að leikriti sem ber að horfa á og tilfinningar sem vakna verða sneiddar allri hvöt til að starfa eða hjálpa. Sigurður gaf ekki mikið út á ráð James við tilfinningasýkinni og taldi fremur nauðsynlegt að viðhalda framkvæmninni en að rjúka til og láta framkvæmni fylgja hverri tilfinningu (Sigurður Nordal, 1986).

*Vafahyggja*, tíundi fyrirlestur Sigurðar fjallar um næmleik og skilning á margvíslegum skoðunum og sjónarmiðum. Vafahyggjuna taldi hann aðeins mögulega hjá mönnum sem ekki huga að í framkvæmdum því að framkvæmdir kalli á að leið sé valin og því ekki mögulegt að telja margar leiðir jafngóðar. Deila á milli vísinda og trúar byggir á vafahyggjunni því að þar er þræt看 um sannleikann í algleymi. Sannleiksdeilan verður ekki leyst þar sem hver og einn skoðar málið út frá sínum sjónarhorni. Hér vitnaði Sigurður í James máli sínu til stuðnings. James hélt því fram að jafnvel einföldustu hluti væri hægt að skoða út frá fleiri en einu atriði og þegar við komum að flóknum samsettum hlutum þá verða sjónarhornin óteljandi. Þar sem maðurinn er ótrúlega mikið samsettur hlutur verðum við aldrei sammála útfrá því hvaða sjónarhorn hentar best til að lýsa honum, heldur fer það eftir ásetningi okkar í hvert sinnið til hvaða þátta við lítum. Ef við gerum okkur grein fyrir möguleikanum á mörgum mismunandi sjónarhornum hvers hlutar og bætum upp með þekkingu, dýpkar skilningur okkar á heiminum. Upplag og skapgerð manna hefur einnig áhrif á hvernig þeir líta á staðreyndir og túlka þau sjónarhorn sem birtast honum.

Sigurður taldi að leiðin út úr vafahyggjunni sé aðeins ein og hún felist í starfhyggjunni og að svarið felist í „Lífið knýr menn til að kjósa, því að það að lifa og starfa er [alltaf] að kjósa milli möguleika... maðurinn hefur þörf á starfsemi ekki síður en skilningi, og eigi hann að fullnægja þeirri þörf, verður hann að kjósa“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 149). Þá taldi hann einnig víst að menn velji ekki í eintómri blindni og þegar rök þrjóti til að gera upp á milli möguleika leita menn til reynslunnar. „Sterka hlið starfhyggjunnar er einmitt, að hún getur [viðurkennt] vafahyggjuna fyllilega, og síðan sigrar hana“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 150). Því starfhyggjan vill láta allt eðli mannsins njóta sín, réttlætir hugsjónir hans og hvetur hann til að berjast fyrir þeim. Þá getur of löng íhugun verið gagnslaus því enginn vissi fæst með henni eintómri. Nú vísaði Sigurður aftur til James, sem hann taldi mikinn frömuð starfhyggjunnar, og þess sem hann segir um hvernig við metum þann sem aðeins situr heima og veltir fyrir sér möguleikum en þráast við að kjósa nokkuð. Niðurstaða James var sú að við gætum aðeins borið virðingu fyrir og leitað til þeirra sem taki áhættu; „að trúa er að kjósa, hætta á“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 151).

„Auk þess er vafahyggjandinn að eðlisfari forvitinn, lífið er skemtilegur sjónleikur fyrir hann, hann kann að athuga, hann saknar ekki verkanna.... Með þessu móti fæðir vafahyggjan af sér leikhyggjuna“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 129).

Í leikhyggjunni felst „að taka lífinu ekki of alvarlega, að skoða það sem tilefni athugunar og íhugunar fremur en starfa og baráttu, að reyna að kynnast því, skemta sér við það, en láta það annars velta eins og því þóknast“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 153).

Í útlendingatali aftast í bókinni *Einlyndi og marglyndi* hafði Sigurður þetta að segja um James „William James (1842 – 1910) var bandarískur heimspekingur og sálfræðingur. Forystumaður starfhbyggju eða hentistefnu (pragmatisma) í heimspeki og verkhyggju (fúnksjónalisma) í sálfræði“ (Sigurður Nordal, 1986 bls 338).

Það að Sigurður minntist á James og/eða kenningar hans í flestum fyrirlestrum sínum er til marks um hversu mikils metið framlag hans til sálfræðinnar var hér á landi. Helst eru það tilfinningarnar, viljinn og vaninn sem Sigurður nýtti sér frá sálfræði James.

## Umfjöllun og þýðingar á ritum William James frá aldarmótum 1900 fram til ársins 1925.

Í þessum kafla er farið yfir rit James sem voru þýdd og gefin út frá aldarmótunum 1900 fram til 1925. Farið er yfir ritin í tímaröð hvort sem þau birtast í sjálfstæðri útgáfu eða þýðingin hafi verið birt í einhverju hinna fjölmörgu tímarita sem gefin voru út á þessu tímabili. Eins eru ritdómar um verk James skoðaðir til þess að fá tilfinningu fyrir því hvernig verk James lögðust í samtímafólk hans á Íslandi.

### Umfjöllun frá aldarmótum fram til andláts James, 1910.

Fyrst var minnst á William James í íslenskum tímaritum (þeim sem eru á timarit.is) í bókaskrá Skírnis árið 1902. Þar er bók hans *Varieties of religious Experience* listuð undir guðfræði.<sup>1</sup> [Tölustafirnir í yfirskrift vísa nú til síðari hluta heimildaskrár] Ekki var meira rætt um bókina í það sinnið. Það var svo í 79. árgangi Skírnis frá árinu 1905 sem greinin *William James: Ýmsar tegundir trúarreynslunnar* kom í íslenskri þýðingu Guðmundar Finnbogasonar.<sup>2</sup>

Í upphafi greinarinnar lofaði Guðmundur James óspart og tók fram að tímaritsgrein geti aldrei komið slíku meistarverki sem bókin væri til skila, það beri að hafa í huga þegar höfundurinn, James, sé metinn út frá greininni. Guðmundur tók fram að rannsókn James sé sálarfræðileg og einbeiti sér að rótinni, trúarhvötunum og trúartilfinningunum og niðurstaðan sé að trúin sé oft mest hjá þeim sem hafa tilfinningalíf í óstöðugu jafnvægi en það rýri samt ekki trúarreynsluna, hún sé alltaf jafn dýrmæt. “Vér verðum því að meta trúna eftir því, hver áhrif hún hefur á líf manna, en ekki eftir því, hvernig hún er til komin.” (James, 1902/1905 bls 312). Samkvæmt James ber að líta á trúna sem hina persónulegu trú en hún er “tilfinningar, athafnir og reynsla einstaklinganna, að svo miklu leyti, sem þeir í einveru sinni þykjast standa í sambandi við hið guðdómlega, hvernig sem þeir annars líta á það“ (James, 1902/1905 bls 312). Trúarlífið er margvíslegt að mati James, hann rökstyður það með því að sýna fram á tvær andstæður trúarlífsins, bjartsýni og svartsýni, sem skilja á milli heilbrigðrar og sjúkrar sálar. Sumum er bjartsýnin í blóð borin en einnig er hægt að koma henni upp í vana og bjartsýnin getur miklu áorkað. Guðmundur minntist

svo á huglækningahreyfinguna í Ameríku þar sem grundvallarskoðunin var sú að sálarástandið ráði heilsu manna og í anda mannsins liggja mátturinn yfir veikleika líkamans. Í þessum grundvallarskoðunum felst bjartsýni á hæsta stigi. Niðurstaðan verður sú að hvort við erum bjartsýn eða svartsýn að upplagi hefur áhrif á allt okkar líf og hvernig við tökum því sem að höndum ber. Það er svo stöðug innri barátta í hvorn flokkinn fólk skipar sér, sumum er þessi barátta auðveld á meðan öðrum er hún erfiðari, og ætla má að viljinn eigi þar dágóðan hlut af máli. En hvernig sem menn snúast til trúar er „aðalatriðið, að tilfinningalíf og vilji mannsins breytist frá rótum. Angistin hverfur og friður færast yfir hugann. Nýr vilji til lífsins vaknar, ný sannindi renna upp og útlit tilverunnar breytist, heimurinn fær fegri og heiðari svip en áður: “ (James, 1902/1905 bls 318). Menn upplifa heilagleikann sem er hinn eiginlegi ávöxtur trúarinnar, sama hver trúarbrögðin eru. Svo eru talin upp einkenni heilagleikans og Guðmundur fer yfir nokkur atriði eins og mannkærleikann, jafnargeðið og meinlætið. Það er einnig farið yfir það að það sé ekki trúnni sjálfri að kenna að eitthvað illt og ófullkomið sláist í förina, því þegar kirkjunnar menn berjast um yfirráð, völd og auðævi og mörgum af verstu hvötum manna sé skýlt með trúnni, sé ekki við trúna að sakast. Eins getur trúartilfinningin sjálf farið út í öfgar og þegar greina skal „hvort hegðun sé fullkomin komi þrennt til greina: gjörandinn, markmiðið og þiggjandinn.“ (James, 1902/1905 bls 23) og verður allt þrennt að vera uppfyllt svo vel þyki til takast. Enginn er svo forhertur að sá möguleiki sé ekki fyrir hendi að bjarga honum með mannkærleikum, þar sem allur fjölbreytileiki persónuleikans sé óþekktur er ókleift að útiloka nokkurn mann.

Niðurstaðan varð sú að ávextir trúarinnar réttlæta tilveru hennar. Greininni var ætlað að varpa ljósi á hvernig trúin kemur fram og hvernig hún hefur áhrif á hegðun manna og sýna fram á að heimspeki geti aðeins rannsakað í hverju trúarreynslan felst og hver sé kjarni trúarbragðanna. Heimspekin kemur þó aldrei í stað trúarinnar. Í lok greinarinnar er svo fjallað um undirmeðvitundina og hvernig James teldi hana vera hlið æðri afla að mannsandanum. „En annars vitum vér ekki, hvort hið æðra afl, sem vér komumst í samband við og fáum styrk hjá, er einn og óendanlegur guð; úr því sker trúarreynslan ekki. Hún sýnir aðeins, að vér getum sameinast einhverju, sem er víðtækara en sjálfir vér“ (James, 1902/1905 bls 331).<sup>4</sup>

Grein Guðmundar vakti töluverða athygli. Minnst var á hana í allmörgum tímaritum eftir birtingu hennar. Meðal annars birtist um hana frekar ýtarleg grein í 8. tölublaði Ísafoldar frá 7. febrúar 1906.<sup>5</sup>

Í 11. tölublaði Ísafoldar frá 21. febrúar 1906 var umfjöllun um Skírni. Þar er farið yfir nokkrar greinar sem birst hafa í hinum nýja Skírni. Meðal annars var minnst á grein Einars Hjörleifssonar um trú og sannanir, um sönnun á dularfullum fyrirbrigðum sem eru í samræmi við niðurstöður annarra merkilegra fræðimann þeirra William Crookes, Katie King og William James. Í lok greinarinnar sagði „Þessi fyrsta árs reynsla um Skírni hinn nýja virðist réttlæta fyllilega breytinguna á tilhögun hans og ritstjórn á honum, og bera vott um, að félagið hafi verið heppið í ritstjórávali“<sup>6</sup> (Ísafold bls 42, 1906). Því er ekki annað að sjá en að Guðmundur Finnbogason og efnisval hans hafi fallið í kramið hjá Íslendingum. Aftur var fjallað um þennan 79. árgang Skírnis í Vínlandi 1. tölublaði, 1. mars, 1906, efnisyfirlitið úr Skírni er birt og talið upp að þarna fari grein Einars, trú og sannanir, fremst í flokki. Úr grein Einars er svo birt stutt yfirlit.<sup>7</sup>

Árið 1906 var bókin Ódauðleiki mannsins eftir William James í þýðingu Guðmundar Finnbogasonar mikið auglýst, meðal annars í 16. tölublaði Ingólfs<sup>8</sup> og 16. tölublaði Lögréttu<sup>9</sup>. Ritdómar um bókina voru flestir á eitt sáttir um ágæti bókarinnar. Í 15. tölublaði Frækornsins frá 1906 var tekið fram að bókin byggji á fyrirlestrum William James, þar sem hann varpi fram hugmyndum um hina mestu ráðgátu tilverunnar þó hann ráði hana ekki. Verkinu var hælt í hástert og enginn sagður svikinn af því að kynna sér það.<sup>10</sup> Í ritdómi sem birtist í 18. tölublaði Fjallkonunnar, 1906, er sagt frá því að Guðmundur Gamalíelsson, útgefandi Ódauðleika mannsins, sé einn hinna nýju útgefenda sem gefi út gæðaeefni á íslensku. Svo er farið yfir í stuttu máli hvernig bókin fjalli um tvær mótbáru hins merka sálfræðingings, William James, gegn ódauðleikakenningunni.<sup>11</sup> Þó kemur sú skoðun fram í 50. tölublaði Norðurlands, 5. árgangur 1905 – 1906 að ritið sé ekki eins létt og alþýðulegt og ætla mætti og því reyni á getu alþýðumannsins að komast í gegnum hana og skilja. Þó telur undirritaður G. H. að bókin launi fyrirhöfnina að fullu.<sup>13</sup>

Einhverja óánægju vöktu skrif Guðmundar Finnbogasonar um andatrú. Bókmenntafélagsdeildin í Kaupmannahöfn sendi frá sér eftirfarandi yfirlýsingu eftir aðalfund sinn þann 21. apríl árið 1906. „Fundurinn lýsir yfir því, að hann

telur það óheppilegt að eigi samkvæmt tilgangi Bókmentafélagsins (svo) að nota Skírni, tímarit hins íslenska Bókmentafélags, fyrir trúarbragða eða andatrúarmálgagn. “ (Guðmundur Finnbogason, 1906). Guðmundur svaraði þessari yfirlýsingu fagmannlega þar sem hann taldi að kenningar James hvorki mæli með né gegn andatrú heldur reyni að skoða trúna út frá sálfræðilegu sjónarhorni sama hvaða kirkjuflokki menn tilheyri. Niðurstaða Guðmundar var sú að yfirlýsingin sé frekar af því sprottin að hann hafi neitað að birta í Skírni þýdda grein eftir Gísla Sveinsson sem mæli gegn andatrú en ástæða neitunarinnar hafi verið að greinin hafi verið illa framsett og málstaðurinn órökstuddur en ekki sú að Skírni mæli eindregið með andatrú.<sup>12</sup>

Það er einnig fjallað um *Ódauðleika mannsins* í *Nýju kirkjublaði* (1906). Þar er tekið fram að ekki sé um kristlega eða guðfræðilega umfjöllun um ódauðleikatrúna að ræða, heldur sé umfjöllunin út frá heimspekilegu og sálfræðilegu sjónarmiði. Höfundur greinarinnar var ekki nefndur. Höfundur hafði orð á því að kenningarnar samræmist ekki að fullu guðfræðinni og trúhneigðin sem um ræðir eigi frekar rætur að rekja til algyðistrúar en kristni. Engu að síður mælti hann með því að kristnir menn og aðrir læsu ritið þar sem framsetning sé hin ágætasta og allir ættu að hafa gagn og gaman af lestrinum.<sup>14</sup>

William James var mikið nefndur í sambandi við rannsóknir á dularfullum fyrirbrigðum. Í 65. tölublaði Fjallkonunnar er rætt um hvernig þýska tímaritið „*Die christliche Welt*“ (Hinn kristni heimur) ætli að fjalla um rannsóknir tengdar dularfullum fyrirbrigðum og þeirri lífskoðun sem þeim fylgja. Höfundur greinarinnar lýsti því yfir að Norðurlandamenn séu langt á eftir stórbjóðum í þessum málum. Í þýsku greininni er breska Sálarrannsóknafélagið talið vinna hið þarfasta starf við að finna þessum fyrirbrigðum vísindalega sönnun. Til þess að styðja mál sitt enn frekar um gagnsemi þessarar stofnunar eru taldi upp félagar í sálarrannsóknarfélaginu, þar á meðal er William James.<sup>15</sup>

Það var svo í 6. tölublaði Hugans árið 1907 sem Eiríkur Kjerúlf kom með alveg nýja skoðun á grein James um ódauðleikann. Eiríkur viðurkenndi að heldur seint sé að fjalla um þýðinguna á þessum tímamarki en seinangangurinn sé því að kenna að ritdómur hans hafi týnst og honum hafi ekki þótt það þess virði að eyða tíma í að semja nýjan eða leita að þeim týnda. Þarna lagði hann strax línurnar fyrir því sem á eftir fylgdi í þessum ritdómi. Hann jós svo



vanvirðingu sinni yfir ritið, honum fannst höfundurinn, James, vera hlaðinn óverðskulduðu lofi og að enginn vogi sér að gagnrýna rök hans. Rökin um að pláss sé ekki af skornum skammti í ódauðleikanum og því getum við öll verið ódauðleg fundust Eiríki vægast sagt barnaleg. Rökin fyrir því að sálarlíf sé verkun heilans taldi hann ósamkvæm í sjálfum sér, því annað hvort verði þá heilinn að virka að eilífu eða sálin að drepast með honum ef hún er háð verkun hans. Niðurstaða ritdómsins var að James hafi verið að reyna að þóknast tveimur herrum, efnishyggjumönnum og þeim sem trúu á ódauðleika sálarinnar, og honum hafi tekist með eindæmum illa upp.<sup>16</sup>

Það var svo 6. september 1910 sem Fjallkonan birti tilkynningu um andlát dr. William James. Þar var talað um að James sem var 68 ára þegar hann lést hafi ætlað sér að hjálpa meðlimum sálarrannsóknarfélagsins að svara spurningunni um hvort að dauðir menn geti haft samband við þá sem lifandi eru. Hann hafi skömmu fyrir dauða sinn afhent félögum sínum skeyti sem enginn þekkti nema þeir. Er ætlunin að senda samskonar skeyti náist samband úr andaheiminum. Það kemur einnig fram í tilkynningu Fjallkonunnar að þekktasta verk James hér á landi hafi verið bók hans „Ýmsar tegundir trúarreynslunnar“ og þýðing Guðmundar á „Ódauðleika mannsins.“<sup>17</sup> Fleiri tímarit fylgja svo á eftir með dánartilkynningar meðal annars Ísafold<sup>18</sup> og Þjóðviljinn.<sup>19</sup>

### **Umfjöllun eftir andlát James til ársloka 1925.**

Í 6. tölublaði *Breiðabliks*, 1910, birtist greinin *Þroski í trúarefnum*. Þar var fjallað um gríðarlegar framfarir í málefnum mannsandans síðustu hálfu öldina og mikilvægi þess hugsunarháttar að ekki sé hægt að ákveða fyrirfram hvaða stefnu þroski trúarstefnunnar skuli taka. Hugsjónaheimspekingar geti því talað fyrir þeirri sannfæringu að mannsandinn þurfi að vera frjáls hvort sem er á sviði trúar eða annars staðar. Þessi sannindi eru talin hafa verið studd af þremur pragmatískum heimspekingum, James sem muni vera nýlátinn, Eucken og Bergson. Þó kenningar þessara fræðimanna séu mismunandi þá dragi þær allar úr þeirri skoðun að binda eigi mannsandann við einhvern sérstakan þroska trúarinnar. Þessar kenningar hafi haft áhrif á alla menntaða hugsandi menn.<sup>20</sup>

Aftur var fjallað um James í 10. tölublaði *Breiðabliks*, *Sálfræðingurinn William James*. Greinin var innblásin af lífi og starfi James. Í henni var farið yfir ævi hans og sagði meðal annars „Fráfall hans var hugsandi heimi mesta tjón.“ (Breiðablik,

1911 bls 147). Þar var honum lýst sem duglegum, alvarlegum manni í stöðugri leit að þekkingu. Það hafi því verið happ fyrir sálfræðina að hann skyldi snúast á sveif með henni. Helstu rit hans voru svo nefnd: *The Principles of Psychology*, stytt útgáfa bókarinnar ætluð til kennslu, *Text-book of Psychology*, *The Will to Believe* og *Varieties of Religious Experience*. Þá voru einnig nefnd þau rit sem hann setti saman á síðari hluta starfsævinnar eins og *Pragmatism* frá 1907 og *The Meaning of Truth* frá 1909. Þar var sagt að alla tíð hafi James sóst eftir sannleikanum og líf hans hafi verið helgað leitinni að honum. Greininni lauk svo með orðunum „Fráfall hans var ef til vill allra sárasti atburður síðastliðins árs.“ (Breiðablik, 1911 bls 148). Sá sem ritaði greinina skrifaði ekki undir hana með nafni, en nokkuð ljóst var að James og kenningar hans hafa verið honum hjartans mál og hann talið nauðsynlegt að uppfæða íslenska alþýðu frekar um ágæti James.<sup>21</sup>

Spíritismi James fékk einhverja umfjöllun á þessum tíma, meðal annars í 19. tölublaði *Nýs kirkjublaðs* frá árinu 1911. Þar eru nokkrar beinar tilvitnanir í James þar sem hann lýsir yfir tilgangi tilrauna sinna og að eftir 25 ár af sálfræðirannsóknum sé hann litlu nær en þegar hann byrjaði. Hann taldi það einnig skyldu vísindanna að byggja á einhverju meiru en „gæti verið“ og því verði að halda rannsóknum áfram þó að hugsanlegt sé að skaparinn hafi gert þetta svæði náttúrunnar óaðgengilegt og að menn hafi í fyrstu verið of bráðlátir í vonum sínum.<sup>22</sup>

Guðmundur Finnbogason þýddi svo kafla úr bókinni *Pragmatism, a new name for some old ways of thinking* og birti í Skírni 1. apríl 1912 undir heitinu *Sannleikurinn*. Hann þýddi hugtakið *pragmatism* sem starfahyggju og lýsir aðalatriðum hennar svo „Starfahyggjunnar verður ekki lýst til hlítar í fáum orðum, en aðaleinkenni hennar er vakandi athygli á því að hugmyndir vorar og skoðanir í hverju sem er eigi að vera „lampi fóta vorra og ljós á vegum vorum“....“ (Guðmundur Finnbogason, 1912 bls 151).<sup>23</sup> Guðmundur varaði við því að greinin gæti reynst þung yfirferðar í fyrstu umferð og mælti með því að lesandi lesi hana tvisvar yfir til að hún njóti sín til fulls.

Í bókarkaflanum byrjaði James á að segja að starfahyggjan ein geti gert grein fyrir gangi sannleikans og að viðfangsefnið sé afar viðkvæmt og teygi anga sína víða. Hann nefndi starfahyggjumennina Schiller og Dewey sem þá sem eina hafi

komið fram með verjanlega skoðun um sannleikann. Þó hafi rökfylgnir (*rationalistic*) ráðist heiftarlega á þessa skoðun vegna þess að þeir misskilji hana herfilega. James ætli því að reyna að greina skýrt frá henni. Hann skilgreindi sanna hugmynd svo „Að hugmynd sé sönn, þýðir að hún sé veruleikanum samkvæm, að hún sé ósönn, þýðir að hún sé ósamkvæm veruleikanum.“ (bls 152). Bæði starfahyggjumenn og andstæðingar þeirra hafa samþykkt þessa skilgreiningu sem sjálfsagða, en deila um hvað sé samkvæmni og hvað veruleiki. Það er almenn skoðun að sönn hugmynd sé eftirmynd veruleikans, en hvað þá um hugmyndir eins og fjaðurmögnun í fjöðrum klukkunnar? Ekki er ljóst hverju þær hugmyndir líkja nákvæmlega eftir. En „Starfahyggjumenn spyrja aftur á rúti eins og þeir eru vanir: >>Gerum ráð fyrir að einhver hugmynd eða skoðun sé sönn<<, segja þeir, >>hver verður munurinn í lífi nokkurs manns fyrir það að hún er sönn? Hvernig kemur sannleikurinn fram? Í hverju verður reynsla manna frábrugðin því sem hún mundi verða ef skoðunin væri röng? í stuttu máli, hvað fæst fyrir sannleikann í reiðupeningum reynslunnar.“ (bls 153). Svar starfahyggjumannanna er að sannar hugmyndir séu þær sem hægt sé að samþýða, taka gildar, staðfesta og sanna. Það er einmitt kenningin sem James hafði hugsað sér að verja. Að atvikin sem fæði af sér hugmyndina færi sönnur fyrir henni og gildi hugmyndarinnar felist í því að hún reynist gild (bls 153). Hann lagði áherslu á að sannar hugmyndir væru ómetanleg hjálp í lífinu því að menn vilji vita við hverju þeir eiga að búast. Því eru hugmyndir sannar ef þær eru nytsamlegar og nytsamlegar ef þær eru sannar og nýtnin kemur frá reynslunni. James leiddi svo koll af kolli hvernig reynslan sýni hvað við eigum í vændum, hvernig hlutir og atvik leynist í reynslunni og hvernig hlutir geta bæði verið það sem almenningur nefnir hluti en einnig hlutföll sem allir kannast við, svo sem tími og fjarlægðir.

James lýsti sannleikanum sem lánstrausti þar sem hugmyndir væru gjaldgengar á meðan enginn véfengdi þær. Það gagnast okkur að taka reynslu hvors annars á sumum hlutum trúanlega frekar en að eyða ævinni í að sannreyna hverja hugmynd. Því trúum við því að Japan sé til þó við höfum aldrei komið þangað. Því segir James „Anda vorum eru þannig settar ramar skorður, annars vegar af föstum lögum reynslunnar, hins vegar af hugsanalögum vorum. Hugmyndir vorar verða að vera samkvæmar veruleikanum, hvort sem hann er sýnilegur og ápreifanlegur eða fólgin í almennum hugtökum og

meginsetningum, að öðrum kosti lendum vér í endalausum ógöngum og ósamkvæmni.“ (bls 158). Veruleikinn felst í staðreyndum, tegundum hluta og hlutföllum sem við þekkjum. Hér fer starfahyggjumönnum og rökhyggjumönnum að lenda saman, hvað þýðir samkvæmni við slíkan veruleika? Að vera samkvæmur veruleikanum er að fara svo til alla leið með honum. Samkvæmnin er því helst fólgin í gagnlegri leiðsögn að mikilvægum hlutum.

Nauðsynlegt var að mati James að finna skoðun um sannleikann sem virki og geti miðlað málum. Hún verður að veita öflugt aðhald því ef við teljum tvær hugmyndir jafngildar veljum við þá sem okkur fellur betur í geð. Við verðum að finna sannleik sem er fullnægjandi í tengslum við vísindi, kunn sannindi og nýja reynslu. Á meðan starfahyggjumenn telja að sannleikurinn geti skapast, mótmæla rökhyggjumenn hástöfum. Sannleikurinn á sér skilyrðislausan stað í veruleikanum að mati rökhyggjumanna. En James tók fram að sannleikurinn sé ekki til fyrirfram og því sé það villa rökhyggjumannanna að gera ráð fyrir því. Því sé aðalmunurinn á starfahyggjumönnum og rökhyggjumönnum fólgin í þeirri trú að reynslan sé háð breytingum. Þetta geta báðir fallist á en að veruleikinn eða sannleikurinn sé það einnig, fallast þeir aldrei á. Þó að rökhyggjumenn geti ekki fallist á skilgreiningu starfahyggjumanna á sannleikanum hafa þeir enga betri sjálfir. Ef þeir eru inntir eftir skilgreiningu hafa þeir aðeins hversdagslegar skýringar sem ekki er neitt vit í fyrr en farið er með þær að dæmum starfahyggjumanna (bls 166).<sup>23</sup>

Fyrsti ritdómur um þýðingu Guðmundar á Sannleikanum birtist í Ísafold maí 1912. Guðmundur var þar gagnrýndur fyrir að hafa haft ofurtrú á lesendum Skírnis og hann varaður við að taka fyrir þungskyldar heimspekiritgerðir í tímaritinu.<sup>24</sup> Næsti ritdómur lagði ekki í að gagnrýna innihald bókarkafans heldur segir aðeins að þýðingin sé á gullfallegu máli.

Sem fyrr segir voru fyrirlestar Guðmundar sem voru skilyrtir í Hannesarlegatinu gefnir út árið 1912. Eftir útgáfu fyrirlestranna birtust í íslenskum blöðum nokkrir ritdómar um fyrirlestrana. Þar var oftast haft orð á því hversu miklar mætur Guðmundur hafi haft á James og hversu mikið hann sæki hugmyndir sínar til hans.<sup>26</sup>

Um þetta leyti er ljóst að James var orðinn nokkuð þekktur meðal íslenskrar alþýðu og var vitnað í hann til rökstuðnings<sup>27</sup> og sem heimild þegar menn skrifa

um hugmyndir sínar og hugarefni í blöðin. Sjá greinar eins og *Nútíma hugmyndir um barnseðlið*<sup>28</sup> og *Hvar er dauðinn?*<sup>29</sup> James var einnig gjarnan nefndur þegar menn skrifuðu um andatrúna. Þá kannski ekki beint vitnað í hann, en haft orð á því að fræðimenn eins og til dæmis James hafi mikið rannsakað dularfull fyrirbrigði.<sup>30</sup>

Í fyrsta tölublaði *Landsins*, 1916, birtist grein sem fjallar um aðrar kenningar James en venjan var. Þessi grein byggir á hugvekju sem James samdi einhverju sinni, *The Moral Equivalent of War*. Tilgangur hugvekju James virðist hafa verið að mótmæla stríði, því bardagar og ófriður vekir upp dýrslegar hvatir manna sem réttast væri að vera án. Höfundur greinarinnar, sem er ónafngreindur, vildi þó með sinni umfjöllun sýna fram á að herskyldan, í friði, hafi uppeldisleg áhrif á þjóðirnar. Því ætti að finna eitthvað sambærilegt sem gæti farið fram í friði. Hann lagði svo til þegnskylduvinnu. Með slíku fyrirkomulagi muni manndómur og karlmennska landans aukast.<sup>31</sup> Hermann Jónasson fjallar aftur um málið í grein sinni, *Þegnskylduvinna*, sem birtist í *Skírni* í apríl 1916.

Upp úr 1916 fara tilvitnanir í James að þynnast töluvert. Minnst var á hann í framhjálaupi þegar rætt var um aðra fræðimenn á hans sviði, svo sem Friðrik Myers í grein sem ber heitið *Trúir þú á líf eftir þetta?* sem birtist í *Austra* 1917.<sup>33</sup>

Ljóst er að í þeirri stuttu grein hefur höfundurinn M. J. tekið upp á því að íslenska nöfn fræðimanna og hlítur James nafnið Vilhjálmur Jakob. Ekki hefði verið nokkur leið að vita að vísunin væri í James nema fyrir þær sakir að nafn hans birtist rétt ritað í sviga á eftir.

Í Morgunblaðinu 2. des 1917 er grein eftir P. O. Holm sem ber heitið *Vegurinn til heilbrigði – hreinn hugsunarháttur*. Í upphafi greinarinnar, sem er frekar löng, byrjar hann á tilvitnun í James svohljóðandi „Vér erum byrjaðir að taka eftir yfirgripsmikilli opnun hjá nútímamönnum, fyrir nýjum hugsjónum, er hafa frumeðlislega lækningu og tegundir andlegrar heimspeki fyrir markmið, Hugmyndirnar eru bjartsýnar og heilbrigðar.“ (bls 3). Greinin gerir það að umfjöllunarefni sínu hversu mikið af heilbrigði okkar felist í hugsunum okkar. Hugsanir um sjúkleika og veikindi geta ekki átt sér stað í huga okkar án þess að endurspeglast í líkamanum.<sup>34</sup>

Aftur er umfjöllun um andatrúna í 30. tölublaði Lögréttu árið 1918. Þar eru orð James um að hann sé litlu nær eftir 25 ára rannsóknir á dulafullum fyrirbrigðum endurtekin.<sup>35</sup>

Í *Morgunblaðinu* 11. Nóvember 1923, er grein undir heitinu *Nýguðfræðingarnir og kirkjan*. Þar er minnst á James í framhjálaupi en greinin snýst aðallega um gagnrýni prestanna sjálfra á ósveigjanleika kirkjunnar.<sup>36</sup> Sama grein birtist svo óbreytt í Lögréttu skömmu síðar.<sup>37</sup>

Árið 1924 gera tvær greinar í *Heimskringlunni* viljahugtak James að umfjöllunar efni sínu. Fyrri greinin, *Uppgötvanir vísindanna*,<sup>38</sup> fjallar um fjálsræði og íhaldsemi í trúmálum. Þeir sem eru íhaldsamir reyna að bera á bak aftur það sem vísindin sýna og sanna, því það er ósamrýmanlegt trú þeirra. Höfundur greinarinnar G. Á. telur að hér sé ekki um greindarskort að ræða heldur það sem William James nefndi viljann til að trúa. Seinni greinin, *Frjáls hugsun*, er þýddur fyrirlestur sem Bertrand Russell hélt. Þar kemur fram að James hafi boðað *viljann til að trúa* en Russell vill boða *viljann til að efast*.<sup>39</sup> Framhald greininarinnar er svo í næsta tölublaði *Heimskringlunnar*.<sup>40</sup>

Árið 1925 gaf prentsmiðjan Gutenberg út lítið rit, *James: Máttur Manna*. Í ritinu eru þrjár þýddar ritgerðir eftir William James. Fyrstu ritgerðina, *Máttur manna* þýddi Guðmundur Finnbogason árið 1906. Í henni fjallaði James um leyndar orkubirgðir manna og reyndi að finna þeim lífeðlisskýringar. Hann taldi sig þurfa að svara tveimur spurningum um efnið

1. Hvaða takmörk eru sett mannlegum hæfileikum í ýmsar stefnur?
2. Hvaða ráð eru til að glæða hæfileika manna, þó ólíkir séu, svo að þeir njóti sín sem allra best? (*Máttur Manna*, bls 6)

Þá taldi hann að sú orka sem þarf til verks ráðist af jafnaði af því innra starfi sem fólgið er í þeim. Hann skýrði innra starf á sálfræðilegan máta;

„Vér þurfum sérstaka hvöt eða áreynslu til að byrja á innra starfi; það preytir oss; vér vitum, hve gjarnt oss er að slaka á, er vér höfum haldið því lengi áfram. Þegar eg tala um að >neyta orku< á eg því jafnt við innra starf sem ytra“ (*Máttur Manna*, 1925 bls 6).

Þarna taldi hann að það væri ekkert annað en rótgróinn vani sem ylli þessu sleni og því að menn nýttu orku sína ekki til fulls, því vaninn hafi kennt mönnum að hætta um leið og þeir verða þreyttir.

Þá minntist hann á að æsingur, geðshræringar og hvatir geti virkað svo á viljann að djúpt sé farið í leyndu orkubirgðirnar á meðan á þeim stendur og eyðsla af varabirgðunum geti staðið svo vikum eða mánuðum skipti. James nefndi einnig aðrar aðferðir til að losa um hinar leyndu orkubirgðir, þar á meðal eru hugmyndir, loforð og sinnaskipti (Máttur manna, 1925).

Aðra ritgerðina, Vani, þýddi Ólafur Marteinsson. Þessi grein er þýdd upp úr *The Principles of psychology*. Þar fjallaði James um mátt vanans og mikilvægi þess að hafa hann með sér í liði en ekki á móti. Þar taldi hann upp þrjár mikilvægar reglur ef breyta á vananum. Þær eru að hafa einbeittan og öruggan ásetning, að hvika aldrei fyrr en hinn nýji vani er orðin normið og að framkvæma alltaf þegar áform og tilfinningar stefna í rétta átt. (Máttur manna, 1925)

Þriðja greinin, *Trúarviljinn*, var þýdd af hluta til af Sig. Kristófer Pétursyni en vegna veikinda lauk hann ekki við þýðinguna og Sigurður Nordal endurskoðaði og kláraði hana. Þetta er þýðing á fyrirlestri sem James hélt árið 1896 við háskólana Yale og Brown. Í þessum fyrirlestri ætlaði James að verja þá skoðun að hverjum manni sé heimilt að taka þá trú sem hann kýs. Þar greindi hann á milli lifandi og dauðra trúarkenninga, kenning getur verið hvort um sig. Það er huglægt mat þess sem kenningin er borin upp á hvort hún virki fyrir honum lifandi, að hún virðist sennileg, eða dauð, honum þyki ómögulegt að trúa henni. James fór yfir mikilvægi hvers manns að fá að velja. Þáttur viljans í valinu var líka til skoðunnar. Getum við trúað einhverju bara með því að vilja það? Við trúum því aldrei að 1\$ dollara seðilinn í vasa okkar sé 100\$ virði, alveg sama hversu mikið við viljum það. „Hinum frjálsa vilja og óskum vorum virðist vera með öllu ofaukið, þegar um trúmál er að ræða“ (Máttur Manna, 1925 bls 41). Niðurstaða James felst í því að við viljum trúa og við viljum sannleika. En spurningunni „Hvernig veistu þetta allt?“ er kastað fram þá verður rökvísi okkar fátt um svör. Hér eru því tveir viljar sem skarast. James reyndi í greininni að setja fingurinn á það hvað það er sem fær okkur til að trúa, hvað það er sem við viljum helst trúa. Hann skoðaði það út frá hinni eilífu togstreitu sem trú og vísindi eru í (Máttur manna, 1925).

Það er ljóst að William James hafði veruleg áhrif á upphaf íslensku sálfræðinnar. Birtingarmynd hans kemur aðallega í gegnum Guðmund, sem virðist hafa haft óþrjótandi áhuga á verkum hans. Áhrif James finnast mér vera meiri á meðan hann er en á lífi, en það gæti líka stafað af því að á þeim tíma var verið að kynna ritverk hans fyrir þjóðinni. Menn voru enn að mynda sér skoðun og því fúsari til að rita og birta ritdóma. Eftir því sem á leið eftir dauða hans minnkaði bein umfjöllum um James mikið í íslenskum fjölmiðlum. Meira varð um að ónafngreindir höfundar, sem greinilega þekkja til James og kenninga hans, vísi til hans í framhjálaupi þegar önnur skyld málefni eru rædd. Það ber vott um það að þekking á James hafi verið orðin nokkuð almenn um 1925.



## Heimildir

- Ágúst H. Bjarnason (1916). *Almenn sálfræði*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Ágúst H. Bjarnason (1938). *Almenn sálfræði* (2. Útg.). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja hf.
- Ágúst H. Bjarnason (1949, 1950, 1953, 1954). *Saga mannsandans* (1. – 5. bindi). Reykjavík: Hlaðbúð.
- Hannes Björnsson (2009). *Sálfræði Hannesar Árnasonar prestaskólakennara*, Andvari, bls 95-118.
- James, W. (1906). *Ódauðleiki mannsins* (Guðmundur Finnbogason þýddi). Reykjavík: Bókavezlun Guðm. Gamalielssonar (Fyrirlestur sem kom upphaflega út 1898).
- James, W. (1952). *The Principles of Psychology*. Í R. M. Hutchins (Ritstj.), *Great books of the western world* (53. Bindi). Chicago; London; Toronto; Geneva: Encyclopædia Britannica, Inc.
- Jörgen L. Pind (2006). *Frá sál til sálar – ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings*. Hið Íslenska bókmenntafélag.
- Máttur Manna – þrjár ritgerðir eftir Willam James* (1925). Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Myers, G. E. (1986). *William James – his life and thought*. New Haven og London: Yale university press.
- Ólafur Þ. Kristjánsson (Ritstj.). (1958). *Kennaratal á Íslandi*, 1. bindi. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi hf.
- Ólafur Þ. Kristjánsson (Ritstj.). (1965). *Kennaratal á Íslandi*, 2. bindi. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi hf.

Richardson, R. D. (2007). *William James – in the maelstorm of american modernism*. Boston, New York: Houghton Mifflin company.

Sigurður Nordal (1986). *Einlyndi og marglyndi*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. Þorsteinn Gylfason og Gunnar Harðarson sáu um útgáfuna.

Velvilji valdstjórnar í garð verkalýðshreyfingar í árdaga hennar. (2006, 1. maí). *Morgunblaðið*. Sótt 24. maí 2010 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1079723](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1079723)

## Tilvísanir í James á timarit.is, 1890-1925

1. Bókaskrá. (1902, 1. janúar). *Skírnir*, bls 66. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=134798&pageId=2004854&lang=is&q=james](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=134798&pageId=2004854&lang=is&q=james)
2. Efnisyfirlit. (1905, 1. janúar). *Skírnir*, bls 2. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=134808&pageId=2005060&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=134808&pageId=2005060&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
4. Guðmundur Finnbogason (1905, 1. desember). *Skírnir*, bls 310. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=134820&pageId=2005388&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=134820&pageId=2005388&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
5. Skírnir. (1906, 7. febrúar). *Ísafold*. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=275222&pageId=3948125&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=275222&pageId=3948125&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
6. Skírnir. (1906, 21. febrúar). *Ísafold*. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=275225&pageId=3948136&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=275225&pageId=3948136&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
7. Skírnir. (1906, 1. mars). *Vínland*. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=178364&pageId=2313735&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=178364&pageId=2313735&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
8. Ódauðleiki mannsins. (1906, 8. apríl). *Ingólfur*. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=168885&pageId=2270776&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=168885&pageId=2270776&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
9. Ódauðleiki mannsins. (1906, 11. apríl). *Lögrétta*. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=169870&pageId=2275558&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=169870&pageId=2275558&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)

10. Bækur og rit. (1906, 11. apríl). *Frækorn*. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=167859&pageId=2265224&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=167859&pageId=2265224&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
11. Bækur (1906, 27. Apríl). *Fjallakonan*. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=150255&pageId=2140462&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=150255&pageId=2140462&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
12. Guðmundur Finnbogason (1906, 18. maí). Yfirlýsing hafnardeildarinnar.  
Fjallkonan, bls 86. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=150259&pageId=2140477&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=150259&pageId=2140477&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
13. G. H. (1906, 25. ágúst). Bækur. *Norðurland*, bls 200. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=172528&pageId=2287211&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=172528&pageId=2287211&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
14. Ódauðleikakenningin heimspekilega varin (1906, 31. ágúst). *Nýtt kirkjublað*, bls 187. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=297337&pageId=4412513&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=297337&pageId=4412513&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
15. Framfarir í rannsóknum dularfullra fyrirbrigða (1906, 10. desember).  
*Fjallkonan*, bls 258. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=150302&pageId=2140649&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=150302&pageId=2140649&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
16. Eiríkur Kjerúlf (1907, 26. september). *Huginn*, bls 22. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=168460&pageId=2269275&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=168460&pageId=2269275&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
17. William James látinn (1910, 6. september). *Fjallkonan*, bls 135. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=150509&pageId=2141450&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=150509&pageId=2141450&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)

18. William James (1910, 7. september). *Ísafold*, bls 227. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=275617&pageld=3949728&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=275617&pageld=3949728&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
19. Bandaríkin (1910, 28. september). *Þjóðviljinn*, bls 174. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=155910&pageld=2178049&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=155910&pageld=2178049&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
20. Þroski í trúarefnum (1919, 11. nóvember). *Breiðablik*, bls 84) Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=166674&pageld=2260023&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=166674&pageld=2260023&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
21. Sálfræðingurinn William James (1911, 1. mars). *Breiðablik*, bls 146. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=166682&pageld=2260092&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=166682&pageld=2260092&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
22. William James og spíritisminn (1911, 1. október). *Nýtt kirkjublað*, bls 229. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=297461&pageld=4414087&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=297461&pageld=4414087&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
23. Guðmundur Finnbogason (1912, 1. apríl). Sannleikurinn eftir William James. *Skírnir*, bls 151. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=134930&pageld=2008269&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=134930&pageld=2008269&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
24. Sannleikurinn (1912, 5. maí). *Ísafold*, 141. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=275756&pageld=3950275&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=275756&pageld=3950275&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
25. Sannleikurinn (1912, 16. maí). *Heimskringlan*, bls 8. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=152342&pageld=2154169&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=152342&pageld=2154169&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
26. Bókarfregn (1913, 30. apríl). *Ísafold*. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=275851&pageld=3950649&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=275851&pageld=3950649&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)

27. Fjarskyngjan (1913, 5. júlí). *Vísir*, bls 3. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=69185&pageId=1111362&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=69185&pageId=1111362&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
28. Jónas Jónsson (1913, 1. ágúst). Nútíma hugmyndir um barnseðlið. *Skírnir*, bls 252. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=134955&pageId=2008837&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=134955&pageId=2008837&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
29. Björg Þ. Blöndal (1914, 1. janúar). Hvar er dauðinn? *Skírnir*, bls 35. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=134965&pageId=2009050&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=134965&pageId=2009050&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
30. Rannsóknir dularfullra fyrirbrigða (1914, 1. júní). *Vísir*. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=69554&pageId=1112691&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=69554&pageId=1112691&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
31. Um þegnaskylduvinnu (1916, 14. janúar). *Landið*, bls 3. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=169593&pageId=2273493&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=169593&pageId=2273493&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
32. Hermann Jónsson (1916, 4. apríl). Þegnaskylduvinna. *Skírnir*, 158. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=134996&pageId=2010184&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=134996&pageId=2010184&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
33. M. J. (1917, 6. júní). Trúi þú á líf eftir þetta. *Austri*, bls 3. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=161847&pageId=2218806&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=161847&pageId=2218806&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
34. P. O. Holm (1912. desember). Vegurinn til heilbrigði – hreinn hugsunarháttur. *Morgunblaðið*, bls 3. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=98170&pageId=1201896&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=98170&pageId=1201896&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)

35. Helgi Pjeturss (1918, 3. júlí) Á Bröttubrekku. *Lögrétta*, bls 13 Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=170624&pageId=2278475&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=170624&pageId=2278475&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
36. Várkaldur (1923, 11. nóvember). Nýguðfræðingarnir og kirkjan. *Morgunblaðið*, bls 5. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=100054&pageId=1209448&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=100054&pageId=1209448&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
37. Várkaldur (1923, 17. nóvember). Nýguðfræðingarnir og kirkjan. *Lögrétta*, bls 2. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=170955&pageId=2279755&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=170955&pageId=2279755&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
38. G. Á. (1924, 3. september). Uppgötvanir vísindanna. *Heimskringlan*, bls 4. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=152991&pageId=2159352&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=152991&pageId=2159352&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
39. Frjáls hugsun (1924, 8. október). *Heimskringla*, bls 4. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=152996&pageId=2159391&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=152996&pageId=2159391&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)
40. Frjáls hugsun (1924, 15. október). *Heimskringla*, bls 4. Sótt 24. maí 2010 af timarit.is [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=152997&pageId=2159399&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=152997&pageId=2159399&lang=is&q=william%20james%20%20james,%20William)